

Sjálfbærniskýrsla Skeljungs 2023



Skeljungur

Inngangur

Önnur sjálfbæriskýrsla Skeljungs ehf. lítur dagsins ljós nú þegar öðru rekstrarári félagsins er lokið. Upplýsingagjöf þessi um sjálfbærni samræmist lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, 66. gr. d., þar sem kveðið er á um ófjárhagslega upplýsingagjöf fyrir stór félög. Skeljungur fellur þar undir með tilliti til veltu og heildareigna.

Árið 2023 birti Skeljungur sína fyrstu sjálfbærni-skýrslu fyrir rekstrarárið 2022 og var hún unnin samkvæmt GRI-staðlinum og UFS-viðmiðum Nasdaq. Í skýrslunni fyrir árið 2023 verður horft sérstaklega til nýrrar reglugerðar Evrópusambandsins (CSRD) og nýjum samræmdum ESRS staðli fyrir ófjárhagslega upplýsingagjöf sem munu krefjast ítarlegri og samanburðarhæfari upplýsinga. Kröfur ófjárhagslegrar upplýsingagjafar munu því aukast. Nákvæm tímasetning gildistöku liggur ekki fyrir en fyrirséð er að reglugerðin og nýr staðall mun koma í stað núverandi laga um ófjárhagslega upplýsingagjöf á næstu árum. Skeljungur mun því byrja að aðlagða ófjárhagslega upplýsingagjöf sína að nýja staðlinum.

Í þessari skýrslu er fjallað um félagið eftir annað rekstrarár sitt í kjölfar endurmörkunar og aðra þætti en koma fram í ársreikningi félagsins. Er þá rætt um þá þætti sem hafa áhrif á verðmætasköpun félagsins, nú og til framtíðar lítið, frá sjónarhóli sjálfbærni í víðu samhengi; félagslegra þátta, umhverfisþátta og stjórnhátta.

Þá hefur Skeljungur tekið saman þá þætti sem félaginu ber að greina sérstaklega frá samkvæmt flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy). Reglugerðin felur í sér að íslenskum

fyrirtækjum sem flokkast sem stór fyrirtæki samkvæmt ársreikningalögum, eru með verðbréf sín skráð á markað eða eru tengd almannahagsmunum ber að greina árlega frá því hversu stórt hlutfall af veltu þeirra, fjárfestingarútgjöldum og rekstrarútgjöldum falla undir flokkunarkerfið.

Skeljungur hefur sett sér stefnu í sjálfbærni fyrir árin 2023-2025, en sú stefna er endurskoðuð árlega. Skeljungur er að auki með skýrar stefnur í þeim málaflokkum sem heyra undir sjálfbærni í víðu samhengi. Þar undir falla umhverfis-, öryggis-, gæða-, jafnréttis-, mannréttinda-, spillingar- og mútumál. Skeljungur leitast við að starfa af heilindum og framfylgir markvisst sínum stefnum og markmiðum.

Skeljungur leggur ríka áherslu á þróun upplýsingagjafar á komandi árum, viðskiptavinum og öðrum haghöfum félagsins til hagsbóta. Skeljungur vonast til þess að með þessari upplýsingagjöf fái viðskiptavinir og haghafar félagsins skýrari mynd af starfsemi félagsins en ef einungis væri lítið til hefðbundinna fjárhagslegra upplýsinga.



Efnisyfirlit

1 Skeljungur

Frá forstjóra	3
Um félagið	4
Hagsmunaaðilar	6
Mikilvægir þættir í sjálfbærni	7
Stefna í sjálfbærni	8
Virðiskeðjan og skapað virði	9
UFS sjálfbærnimat og upplýsingagjöf	10

2 Stjórnarhættir

Stjórnarhættir	11
Stjórn Skeljungs	13
Viðskiptasiðferði	14
Áskoranir og áhættustýring	15
Siðareglur birgja og birgjamat	17
Persónuvernd og upplýsingaöryggi	18

3 Umhverfi

Umhverfi	19
Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins	22
Flokkunarreglugerð – Tafla	23
Loftslagsbreytingar, umhverfisvernd og fjárhagsleg áhrif	24
Orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda	25
Kolefnisspor eldsneytis	26
Mengunarvarnir	27
Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi	28
Mótvægisáðgerðir	29

4 Félagslegir þættir


Félagslegir þættir	30
Starfsumhverfi	32
Velferð starfsfólks og réttindi	33
Starfsfólk í virðiskeðjunni	34
Þjálfun og færni	35
Heilsa og öryggi	36
Áhrif á samfélag	37

5 Áreiðanleiki

Áreiðanleiki	38
--------------------	----

6 Yfirlitstafla

ESRS-tilvísunartafla	39
----------------------------	----



Frá forstjóra

Það er ánægjulegt að taka stöðuna á framþróun félagsins á liðnu ári og bera saman við fyrsta rekstrarár félagsins. Á liðnu ári varð sú breyting að Skeljungur var færður í eignarhald Styrkáss ehf., nýs þjónustufyrirtækis sem stefnir að því að útvíkka og efla þjónustu við atvinnulífið á sviði orku og efnavöru, tækja og búnaðar, umhverfis, iðnaðar og eignaumsýslu. Það félag er með yfirlýst markmið um skráningu í Kauphöll fyrir árslok 2027. Skeljungur er nú rekið sem sjálfstæð rekstrareining í Styrkáss-samstæðunni. Rekstur Skeljungs stendur traustum fótum, hluthöfum og samfélagi til heilla enda er starfsemi okkar mikilvæg atvinnulífinu og samfélaginu öllu.

Áhersla Skeljungs á sjálfbærni með skýrri stefnu og markvissri aðgerðabindingu skilar sér nú í sýnilegum árangri í sjálfbærnimálum á milli ára, eins og nánar er fjallað um í skýrslunni. Stefnan í sjálfbærnimálum er samofin hlutverki okkar og endurspeglast meðal annars í skipuriti þar sem sérstakt svið ber sérstaklega ábyrgð á framþróun sjálfbærnimála þvert á fyrirtækið. Áhersla okkar er áfram á að hafa jákvæð áhrif á þróun samfélagsins og þess umhverfis sem Skeljungur starfar í, sem og að draga úr neikvæðum áhrifum. Á liðnu ári var gerð tvöföld mikilvægisgreining til þess að bera enn betur kennsl á þá sjálfbærniþætti sem skipta mestu máli fyrir bæði rekstur félagsins og ytra umhverfi (samfélags og umhverfis) til lengri eða skemmri tíma. Hagaðila-greining var jafnframt gerð og samskipti við helstu hagaðila skilgreind.

Við ætlum áfram að vera drifkraftur í orkuskiptum með öflugri sölu- og viðskiptaþróun, framúrskarandi stafrænni tækni og vel samþættu þjónustuframboði. Það ætlum við að gera með því að leggja áherslu á markvissa þróun á vöruframboði með áherslu á gæði, umhverfisvænni valkosti, persónulega þjónustu, hraða og áreiðanleika. Við erum staðföst í þeirri trú að þróun vöruframboðs okkar sé mikilvægur þáttur í því að aðstoða viðskiptavinum okkar við að draga úr sinni losun. Við höfum unnið markvissit að auka vægi orkugjafa og annarra vara í vöruframboði okkar sem valda minni losun. Sem dæmi má nefna að við höfum sölu á umhverfisvænna bensíni (E10), fórum í samstarf við Orkuna um endursölu á rafmagni í gegnum viðskiptakort Skeljungs og höldum áfram að innleiða umhverfisvænni vörur í vöruframboð í verslun og vefverslun.

Í sjálfbærnisýrslu ársins 2022 sem birt var 2023 stigum við það skref að birta kolefnisfótspor seldra vara og urðum þar með fyrst félaga á olíumarkaði til að greina og birta umfang 3 (óbeina losun). Skeljungur leggur áherslu á að stuðla að samdrætti í óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju félagsins með því að auka framboð á umhverfisvænni vörum og birta kolefnisspor seldra vara. Í því skyni var innleidd sú nýjung að birta viðskiptavinum kolefnisspor selds eldsneytis á Minum síðum. Félagið stuðlar þannig að bættri getu viðskiptavina sinna til að mæla, draga úr og/eða kolefnisjafna losun sína.

Við erum stolt af árangri okkar og markvissri vinnu okkar starfsfólks í sjálfbærnimálum. Áskorunin er stór en við höldum ótrauð áfram og setjum okkur ný og krefjandi markmið fyrir árið 2024.



Þórður Guðjónsson, forstjóri Skeljungs.



Þórður Guðjónsson,
forstjóri Skeljungs.

Um félagið og viðskiptalíkan þess

Fyrirtækið Skeljungur ehf. var stofnað í kjölfar upp-skiptingar Skeljungs hf. þann 1. desember 2021. Forstjóri Skeljungs er Þórður Guðjónsson. Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkupörf fyrirtækja á hag-kvæman og öruggan máta í sátt við samfélagið og umhverfi sitt.

Starfsemi Skeljungs er á sviði sölu og þjónustu við fyrirtæki tengd fjölkorku. Fyrirtækið sér um dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, smurólíum, hreinsi- og efnavörum, áburði sem og öðrum vörum og þjónustupáttum til fyrirtækja. Þjónusta og sala til stórnotenda, til útgerða, bænda, í flug og verktöku er einnig hluti af starfsemiinni.

Skeljungur starfar fyrst og fremst á fyrirtækjamarkaði. Þá er Skeljungur umboðsaðili Shell á Íslandi ásamt því að fara með eignarhald í Barki, EAK, Fjölveri og Ecomar. Félagið starfar á einum landfræðilegum markaði, Íslandi, en á þó einnig í viðskiptasambandi við alþjóðleg fyrirtæki sem sinna millilanda- og farþegaflutningum flugleiðis eða með skipi.

Skeljungur sér um dreifingu, innkaup og heildsölu á eldsneyti, smurólíum, hreinsi- og efnavörum, áburði og öðrum vörum og þjónustupáttum til fyrirtækja, bænda, útgerða, flugiðnaðar og aðila í verktöku.

Félagið er með starfsstöðvar á tveimur stöðum í Reykjavík auk stakra stöðva á Akureyri, Ísafirði, Eskifirði og í Vestmannaeyjum. Höfuðstöðvar og skrifstofur félagsins eru staðsettar í Skútuvogi 1 í Reykjavík. Hjá Skeljungu starfa um 60 manns um land allt.

Hlutverk, kjarnagildi og markmið Skeljungs voru endurskilgreind í mörkunarvinnu sem fór fram árið 2021. Í kjölfarið var skipuriti breytt og svið Sjálfbærni og stafrænnar þróunar stofnað. Markmiðið með þeirri breytingu var að leggja enn frekari áherslu á sjálfbærnivegferð félagsins og efla þjónustu við viðskiptavinini með stafrænum lausnum. Framkvæmdastjóri sviðsins er Jóhanna Helga Viðarsdóttir. Framkvæmdastjóri sálfrænnar Rekstur og sala er Ingi Fannar Eiríksson, fjármálastjóri er Guðmundur Reynir Gunnarsson og mannauðsstjóri félagsins er Linda Björk Halldórsdóttir.



Skeljungur
Þórður Guðjónsson
Forstjóri

Mannauður og skrifstofa
Linda Björk Halldórsdóttir
Mannauðsstjóri

Sjálfbærni og stafræn þróun
Jóhanna Helga Viðarsdóttir
Framkvæmdastjóri



- Upplýsingatækni (IT)
- Viðskiptavenslaumsjón (CRM)
- Sjálfbærni

Fjármál og innkaup
Guðmundur Reynir Gunnarsson
Fjármálastjóri



- Reikningshald
- Fjármál
- Eldsneyti

Rekstur og sala
Ingi Fannar Eiríksson
Framkvæmdastjóri



- Sala & þjónusta
- Vörustýring
- Dreifing & afgreiðsla



Félagið stefnir á að vera fremst í sölu og dreifingu á orku og tengdra þjónustuþátta til atvinnulífsins. Í því felst að vera þekkt fyrir að vera drifkraftur í orkuskiptum með öflugri sölu- og viðskiptaþróun, framúrskarandi starfrænni tækni og vel samþættu þjónustuframboði. Það ætlar félagið að gera með því að leggja áherslu á markvissa þróun á vöruframboði með áherslu á gæði, umhverfisvænni valkosti, persónulega þjónustu, hraða og áreiðanleika. Til að styðja við hlutverk og markmið félagsins er lögð áhersla á að byggja upp vinnustaðamenningu með eftirfarandi kjarnagildi að leiðarljósi:

Í viðskiptaumhverfi félagsins eru áhættur og áskoranir. Eðli starfseminnar kallar á mikla áherslu á forvarnir og virkt eftirlit með öryggis- og gæðamálum. Vaxandi eftirspurn er eftir eldsneyti sem og umhverfisvænni orkuvalkostum, aukin umsvif eru í ferðaþjónustu og aukin uppbygging á innviðum er fyrir séð á komandi árum. Þá er alþjóðlegur orkuskortur áskorun fyrir félagið vegna óstöðugleika á olíumörkuðum og truflunar á aðfangakeðju.

Orkuskipti eru mikilvægur áhrifaþáttur á viðskiptalíkan félagsins og hefur það sett sér markmið um að þróa þjónustu- og vöruframboð í átt að aukinni sjálfbærni. Félagið stýrir áhættu þess markvisst samkvæmt áhættustefnu og áhættustýringarferli sem tekur tillit til mismunandi flokka áhættu á sviði fjárhags, rekstrar, umhverfis, samfélags og gæða.

Gildi Skeljungs



Jákvaðni

Við sköpum saman jákvætt og gott vinnuumhverfi. Við stuðlum að opnum og heiðarlegum samskiptum með því að tala opinsrátt um hlutina. Við sýnum hvert öðru virðingu og erum óhrædd að viðurkenna mistök. Skeljungur er góður og eftirsóknarverður vinnustaður. Skeljungur er traustur félagi viðskiptavina sinna.



Metnaður

Við erum drifandi, dugleg og metnaðarfull. Við gerum miklar kröfur til okkar sjálfra og samstarfsfólks okkar. Saman sem ein heild náum við árangri með því að hvert og eitt okkar taki ábyrgð á þeim verkefnum sem okkur eru falin.



Tilbúin í breytingar

Við erum opin fyrir breytingum og erum sífellt að leita nýrra leiða til að ná sem bestum árangri. Við sýnum frumkvæði, erum námsfús og leggjum metnað í að gera ætíð okkar besta. Við erum tilbúin til þess að stuðla að breytingum sem eru til hagsbóta fyrir vinnustaðinn, viðskiptavinum okkar og umhverfið.

Eignarhald Skeljungs tók breytingum undir lok ársins 2023 þegar SKEL fjárfestingafélag, eigandi Skeljungs, gerði á árinu 2023 samkomulag við Horn IV slf., sem er framtakssjóður í stýringu Landsbréfa, um þátttöku í hlutafjárlauningu í Styrkasi ehf. eignarhaldsfélagi um allt hlutafé í Skeljungi ehf. og Kletti – sölu og þjónustu ehf.

Sameiginlegt markmið eigendanna er að byggja upp samstæðuna Styrkás, þar sem horft verður til ytri vaxtatækifæra á sviði orku og efnavöru, tækjum og búnaði, umhverfi, iðnaði og eignaumsýslu.

Skeljungur undirritaði á árinu kaupsamning um kaup á öllu hlutafé Búvis ehf. á Akureyri og eru kaupin til skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu. Með kaupnum hyggst Skeljungur bæta enn frekar við vöruúrval og þjónustuframboð við bændur viðsvegar um landið.



Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar eru þeir einstaklingar eða hópar sem eiga hagsmuna að gæta gagnvart Skeljungu sem skipulagsheild. Innri hagsmunaaðilar eru eigendur, stjórnendur og starfsfólk. Ytri hagsmunaaðilar eru stjórnvöld, eftirlitsaðilar og leyfisveitendur, viðskiptavinir, samstarfsaðilar, birgjar, fjármögnunaraðilar, vottunaraðilar, umsagnaraðilar og nærsamfélagið. Skeljungur lítur svo á að félagið beri samfélagslega, umhverfislega og efnahagslega ábyrgð gagnvart fyrrgreindum hópum.

Skeljungur hefur kortlagt samskipti sín við hagsmunaaðilana og gerir sér grein fyrir því hvaða áhrif

félagið getur haft á tiltekna hópa og öfugt. Félagið þarf að halda áfram að þróa þau samskipti og greina hvort einhverjar breytingar eru nauðsynlegar og skjalfesta samskiptin.

Til þess að tryggja góð samskipti hefur félagið einnig mótað samskiptastefnu en markmiðið með henni er að tryggja skilvirk samskipti Skeljungs við alla helstu hagsmunaaðila félagsins. Skeljungur hefur frumkvæði að samskiptum við aðra og svarar fyrirspurnum hratt og vel. Það er í hag allra að hagsmunaaðilar fái góða innsýn í starfseminna. Hjá Skeljungu er hvatt til hreinskiptinna samskipta innan sem utan fyrirtækisins.

Samskiptaáætlun

Hagsmunaaðilar	Samskiptaáætlun
Eigendur Skeljungs	Stjórnarfundir, ytri vefur Skeljungs og fjölmiðlar.
Viðskiptavinir	Samstarfsfundir eftir þörfum, heimsóknir, kynningar og góð regluleg samskipti.
Eftirlitsaðilar	Innri og ytri vefir, stjórnendafundir og regluleg samskipti.
Alþingi	Lög og reglugerðir.
Vottanir og umsagnaraðilar	Reglulegir fundir og samskipti eftir þörfum.
Ýmsir ytri	Reglulegir fundir og samskipti eftir þörfum. Fjölmiðlar og heimasíða.
Starfsfólk	Gera grein fyrir árangri á starfsmannafundum og fræðslufundum þegar tilefni gefst. Hittast fyrir utan vinnu á árlegum haustfagnaði.
Nærsamfélag	Ytri vefur Skeljungs og góð samskipti.
Fjármögnunaraðilar	Reglulegir fundir og samskipti eftir þörfum.

Mikilvægir þættir í sjálfbærni

Mikilvæg viðfangsefni eru þeir þættir sjálfbærni sem hafa bein eða óbein áhrif á getu félagsins til þess að skapa og varðveita efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg verðmæti eða skerða þau fyrir félaginu sjálfu, hagsmunaaðilum þess eða samfélaginu almennt.

Frá og með rekstrarárinu 2024 verður Skeljungu skylt að birta allar mikilvægar upplýsingar um áhrif, áhættu og tækifæri í tengslum við umhverfis-, félags- og stjórnarhætti í árs- og sjálfbærniuppgjöri sínu. Upplýsingarnar þurfa að gera lesandanum kleift að skilja mikilvæg áhrif fyrirtækisins á sjálfbærnimálefni og hvernig þau hafa áhrif á þróun, afkomu og stöðu fyrirtækisins. Skeljungur hefur fram til ársins 2023 stuðst við mikilvægisgreiningu sem framkvæmd var fyrir Skeljung hf. áður en félögunum var skipt upp. Í lok árs 2023 var unnin ný tvöföld mikilvægisgreining til þess að undirbúa innleiðingu CSRD löggjafarinnar og hlitingu nýs ESRS staðals.

Tvöföld mikilvægisgreining hefur tvær víddir, annars vegar áhrifamikilvægi sem snýr að umhverfi og samfélagi og hins vegar fjárhagslegt mikilvægi sem hefur áhrif á fjárhagslegan árangur. Sjálfbærnimál er mikilvægt að greina út frá áhrifasjónarmiðum þegar þau snúa að raunverulegum eða hugsanlegum, jákvæðum eða neikvæðum áhrifum fyrirtækisins á fólk eða umhverfi til skamms, meðallangs og lengri tíma.

Við gerð nýrrar tvöfaldrar mikilvægisgreiningar Skeljungs var tekið mið af viðskiptaáætlun félagsins, sjálfbærnistjórnun og skipulagi sjálfbærnimála. Einnig setti starfsfólk saman lista yfir mögulega mikilvæga þætti. Framkvæmd var hagaðilaggreining


sem var nýtt við mat mikilvægisþátta félagsins. Þá var gerð könnun á mikilvægum sjálfbærniþáttum meðal alls starfsfólks og viðskiptavina félagsins. Þá þótti nauðsynlegt að horfa á fyrirtækið utan frá til að greina ytri UFS áhrif á starfsemi þess og koma auga á möguleika á umhverfis-, samfélags- og fjárhagslegri áhættu sem og tækifærum. Að lokum var niðurstaðan borin undir valda hagsmunaaðila félagsins. Tekin voru viðtöl við fimm helstu hagsmunaaðilana. Rætt var við stjórnarformann Skeljungs, forsvarsmann fjármálafyrirtækis ásamt stjórnendum hjá Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlitinu, stórum viðskiptavinum og birgjum. Tekið var tillit til ábendinga þeirra í lokaniðurstöðunni.

Niðurstaða tvöfaldrar mikilvægisgreiningar
Niðurstaða tvöfaldrar mikilvægisgreiningar hjá Skeljungu leiddi í ljós að þeir sjálfbærniþættir sem hafa tvöfalt mikilvægi og eru þar með einna mikilvægastir í sjálfbærnistarfi félagsins eru eftirfarandi:

- Góðir stjórnarhættir
- Heilsa og öryggi starfsfólks
- Umhverfisstjórnun og stefna
- Minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda
- Mannréttindi

Tekið verður mið af þessari niðurstöðu í sjálfbærnistarfi og virðissköpun félagsins.

Tvöföld mikilvægisgreining



1. Góðir stjórnarhættir

2. Heilsa og öryggi starfsmanna

3. Umhverfisstjórnun og stefna

4. Minnka losun gróðurhúsalofttegunda

5. Mannréttindi

6. Launamundur kynja

7. Starfsmannavelta
8. Mildun loftslagsáhættu / Kolefnisjöfnun

9. Persónuvernd

10. Kjarasamningar

11. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu

12. Starfsvenjur við upplýsingagjöf

13. Missir lykilbygja

14. Missir lykilviðskiptavina

Stefna í sjálfbærni

Í lok ársins 2022 samþykkti stjórn Skeljungs nýja sjálfbærnistefnu til tveggja ára. Stefnan endurspeglar vilja félagsins til þess að hafa jákvæð áhrif á þróun samfélagsins, sem og þess umhverfis sem félagið starfar í, og draga úr neikvæðum áhrifum þess. Miklar breytingar eru framundan í orkuskiptum þar sem grænir orkugjafar munu vera í aðalhlutverki í orkuskiptum heimsins. Skeljungur setti fram þær áherslur í stefnu sinni að vera fremst í sölu og dreifingu á orkutengdum þjónustubáttum til atvinnulífsins. Félagið vill vera drifkraftur í orkuskiptum með öflugri sölu- og viðskiptaþróun, framúrskarandi stafrænni tækni og vel samþættu þjónustuframboði. Það hyggst Skeljungur gera með því að leggja áherslu á markvissa þróun á vöruframboði með áherslu á gæði, umhverfissvænni valkosti, persónulega þjónustu, hraða og áreiðanleika.

Vöruframboð er einn lykillinn í því að aðstoða viðskiptavinum Skeljungs við að draga úr sinni losun. Hjá fyrirtækinu er unnið markvisst að því að auka vægi orkugjafa, sem og annarra vara í vöruframboði, sem valda minni losun. Haldið verður áfram að þróa vöruframboð markvisst í átt að samdrætti í losun hjá viðskiptavinum félagsins.

Stefnumörkun og eftirfylgni sjálfbærnimála heyrar undir forstjóra og framkvæmdastjóra sviðs sjálfbærni og stafrænnar þróunar en undir sviðið falla sjálfbærnimál, öryggis- og gæðamál, markaðsmál og upplýsingatæknimál félagsins. Forstjóri Skeljungs skipaði sex manna sjálfbærniteymi sem hefur það hlutverk að rýna í mælingar, meta árangur og gera tillögur að markmiðum sem stuðla að úrbótum í málaflokknum. Teymið vinnur þvert á fyrirtækið,

fundar mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Teymið ber einnig ábyrgð á að kynna samþykktu aðgerðaáætlun, niðurstöður mælinga og framtíðarsýn fyrir starfsmönnum félagsins. Skeljungur birtir árlega sjálfbærniuppgjör og skýrslu sem hluta af ársskýrslu sinni. Unnið er eftir settum markmiðum í sjálfbærnistefnu Skeljungs og að baki þeirrar vinnu liggur mikil greiningavinna á þeim þáttum sem skipta sjálfbærni-vegferð Skeljungs máli.

Skeljungur mun samkvæmt umhverfisstefnu sinni leggja áherslu á að minnka kolefnisspor sitt, auka framboð á umhverfissvænni vörum og kappkosta að hafa stöðugar umbætur og fræðslu fyrir starfsfólk og viðskiptavinum að leiðarljósi. Stefnur Skeljungs í gæða- og öryggismálum styðja einnig við þennan málaflokk. Skeljungur mun áfram kolefnisjafna eigin rekstur með kaupum á alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum.

Áherslur Skeljungs í félagslegum þáttum felast meðal annars í því að tryggja öruggt og heilbrigt starfsumhverfi þar sem mannréttindi eru virt og fólk líður vel. Þeim markmiðum er náð með jafnlaunavottun, starfsmanna-, persónuverndar-, mannréttinda- og jafnréttisstefnum félagsins. Einnig er til viðbragðsáætlun vegna viðbragða við hverskonar áreiti.

Skeljungur telur mikilvægt að starfsemi og viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum þar sem byggt er á góðu viðskiptasiðferði og viðskiptaháttum þar sem fjármagn er nýtt með sem hagkvæmustum hætti. Stjórn Skeljungs hefur sett félaginu siðareglur sem styðja við þennan málaflokk. Sjá siðareglur í heild sinni hér til hliðar.

Þá fylgir Skeljungur einnig Heimsmarkmiðum Sam-einuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og hefur félagið valið að leggja áherslu á eftirfarandi markmið:



Í sjálfbærnistefnunni er tekin fram tenging hvers markmiðs við heimsmarkmiðin og undirstefnur félagsins. Þetta kerfi gerir stjórnendum kleift að byggja upp stefnur, setja markmið og mælikvarða sem falla að þessum skilgreiningum og fá þannig yfirsýn yfir stöðu Skeljungs innan hvers málaflokks. Skeljungur gerir grein fyrir markmiðum og árangri í UFS málum í tilheyrandi köflum.

Skeljungur hefur sett sér mælanleg markmið í hverjum flokki UFS fyrir árin 2023-2025 og eru þau hluti af aðgerðaáætlun sem fylgir sjálfbærnistefnu félagsins. Aðgerðaáætlunin tekur einnig mið af niðurstöðu tvöfaldrar mikilvægisgreiningar og UFS mati Reitunar. Nánar er fjallað um sjálfbærniáherslur, markmið og aðgerðir í þeim köflum sem snúa umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Sjálfbærnistefna



Virðiskeðjan og skapað virði

Skeljungur gegnir mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og er félagið skilgreint af stjórnvöldum sem mikilvægt innviðafyrirtæki á sviði orku. Hlutverk Skeljungs er að þjóna orkuþörf fyrirtækja á hagkvæman og öruggan máta í sátt við samfélagið og umhverfið en atvinnulífið og samfélagið allt er enn mjög háð öruggu framboði jarðefnaeldsneytis. Til að sinna hlutverki sínu leggur félagið til auðlindir í starfsemi sinni sem skapa virði fyrir haghafa þess. Helstu haghafar eru birgjar, viðskiptavinir, hluthafar og samfélagið.

Virðissköpun Skeljungs felur í sér bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Jákvæð áhrif felast meðal annars í því að félagið tryggir viðskiptavinum sínum nauðsynlegar vörur til að starfsemi þeirra sé starfhæf. Sem aftur hefur áhrif á almenna neytendur og gangvirki samfélagsins. Viðskiptavinir Skeljungs eru fjölbreyttir en sem dæmi má nefna:

- Viðskiptavini í heildsölu, svo sem Orkuna og Costco, sem endurselja eldsneyti til almennings.
- Fyrirtæki í mismunandi atvinnuvegum, svo sem landbúnaði, framleiðslu, sjávarútvegi, ferðaþjónustu, bifreiðaþjónustu, almenningssamgöngum, verktakaþjónustu, flutningaþjónustu og flugfélög.
- Opinbera aðila, svo sem viðbragðsaðila, almanna-varnir, orkufyrirtæki og aðrar ríkisstofnanir.
- Erlenda aðila, svo sem erlenda heri, skip, flutningaaðila og flugfélög.

Samfélagsleg virðissköpun er margþætt en starfsemi félagsins hefur áhrif á allt gangvirki samfélagsins allt frá atvinnusköpun til skatttekna og arðsemi til hluthafa félagsins.

Aðfangakeðju félagsins má skipta í eftirfarandi þætti:



Innflutningur
Skeljungur semur við erlenda birgja um kaup á olíu og öðrum vörum.



Birgðastöðvar
Skeljungur er með þjónustusamning við Gallon ehf. varðandi birgðastöðvar.



Dreifing
Eldsneyti er dreift frá birgðastöðvum á bensinstöðvar, söludælar og beint til viðskiptavina.



Afgreiðsla
Félagið afgreiðir eldsneyti til Örkunnar, Costco, beint til fyrirtækja í sjávarútvegi, flutningum, landbúnaði, flugi, ferðaþjónustu og til verktaka.

Neikvæð áhrif virðissköpunar félagsins eru þau að vöruframboð þess veldur losun gróðurhúsalofttegunda sem hefur neikvæð áhrif á loftslagsbreytingar og þar með samfélagið í heild sinni. Þá fylgir dreifingu eldsneytis ávallt umhverfisáætla sem félagið tekur alvarlega. Skeljungur stefnir að því að greina betur virðissköpun félagsins til að unnt sé að vinna markvisst að aukningu hennar í samstarfi við hagaðila félagsins, ásamt því að draga úr neikvæðum áhrifum virðisreðjunnar.



Framlag til virðissköpunar í samfélaginu

Gæði	Skapað virði 2023
Atvinnusköpun	Atvinnusköpun hefur áhrif á lífsskjör fólks og dregur úr kostnaði fyrir samfélagið. Stöðugildi hjá Skeljungi voru 55 árið 2023.
Fjölbreytileiki	Fjölbreytileiki í hæfni og sjónarmiðum stjórnenda og starfsmanna leiðir til betri skilnings á félaginu og málefnum þess. Mikill metnaður er til þess að gera vel m.a. með vottunum og innri vinnu. Fjöldi kvenna jókst um 5% á árinu. Kynjahlutfall í heild var 21% konur og 79% karlar. Í framkvæmdastjórn er hlutfallið 25% konur og í stjórn Skeljungs eru 33% konur.
Aukið virði með þekkingu	Veitt var fjölbreytt fræðsla fyrir starfsfólk.
Jöfn laun óháð kyni	Óútskýrður launamunur í jafnlaunavottun lækkaði og var aðeins 0,4%.
Arðbær, tryggur og öruggur rekstur skilar virði til haghafa	Góð framlegð, arðsemi til hluthafa og sterkt eigið fé.
Skapað virði í nærsamfélaginu	Sex starfsstöðvar um allt land skapa virði í nærsamfélaginu í formi margvíslegrar þjónustu við félagið auk þeirrar þjónustu sem Skeljungur veitir á hverjum stað.
Virði til viðskiptavina	Skeljungur skapar umtalsvert virði fyrir viðskiptavinum og kappkostar að veita góða og trausta þjónustu. Skeljungur afhendir vörur með réttum gæðum, í réttu magni á réttum tíma og hefur hæfan og reynslumikinn mannskap og gott orðspor.
Birgjar og samstarfsaðilar	Fastir samningar og tekjur fyrir þjónustu við félagið. Aftur virðisskapandi í formi launa starfsfólks og í formi skatttekna. Skeljungur er umboðsaðili Shell á Íslandi.
Loftslagsbreytingar	Vöruframboð Skeljungs veldur losun gróðurhúsalofttegunda.
Umhverfisáætla	Dreifingu eldsneytis fylgir áhætta á umhverfisspjöllum.

UFS sjálfbærnimat og upplýsingagjöf

Til að mæla árangur og kortleggja tækifæri til að gera betur fól Skeljungur félaginu Reitun það verkefni að framkvæma greiningu á stöðu Skeljungs í sjálfbærni-málum. Niðurstaðan var sú að Skeljungur fékk 62 stig af 100 mögulegum sem gefur í B3 í loka-einkunn. Félagið fékk góða einkunn bæði í félags- og stjórnar-háttum en sökum eðlis starfseminnar var einkunnin lægri í umhverfisþættinum. Þá vantar einnig, sökum ungs aldurs félagsins, samanburð á milli ára þannig að unnt sé að meta árangur í UFS málaflökkum. Skeljungi er talið til tekna að við stofnun Skeljungs voru hlutverk, kjarnagildi og markmiðasetning endurskilgreind með sjálfbærni að leiðarljósi ásamt þeirri þróun á upplýsingagjöf sem Skeljungur hefur unnið í og áformar í framtíðinni.

Skeljungur hefur þegar lokið flestum þeim aðgerðum sem tengjast tillögum Reitunar vegna greiningar ársins 2023. Það er ætlun Skeljungs að framkvæma UFS greiningu árlega og tekið verður tillit til þeirra úr-bótatillagna sem slík greining leiðir af sér í sjálfbærni-starfi félagsins.

Það er jafnframt stefna Skeljungs að gera niðurstöður sjálfbærnimats óháðs aðila aðgengilegar ytri aðilum með birtingu þeirra sem hluta af sjálfbærnisráslu félagsins.



Niðurstöður UFS mats Reitunar 2023

Niðurstöður	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	62	B3
Umhverfisþættir	36%	48	C2
E.1 Visthagkvæmni	15%	42	C2
E.2 Umhverfisstjórnun	13%	73	B2
E.3 Vörur og þjónusta	8%	20	D
Félagsþættir	29,5%	73	B2
S.1 Vinnuumhverfi	7%	64	B3
S.2 Velferð starfsfólks og viðskiptaánægja	18,5%	81	B1
S.3 Vörur og þjónusta	4%	50	C1
Stjórnarþættir	34,5%	66	B3
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	79	B2
G.2 Starfshættir og aðfangakeðja	24,5%	61	B3

Helstu tillögur Reitunar til bætingar voru:

- ✓ Auka eftirlit stjórnar á loftslagstengdri áhættu
- ✗ Fá sjálfbærniupplýsingar teknar út af þriðja aðila
- ✓ Bæta flokkunarhlutfall
- ✓ Viðhalda starfsánægju
- ✓ Jafna kynjahlutföll starfsfólks
- ✓ Innleiða siðareglur birgja
- ✓ Innleiða upplýsingaöryggisstefnu

- ✓ **Lokið**
- ✗ **Ólokið**

UFS mat Reitunar fyrir 2024

Stjórnarhættir

Skeljungur fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði. Leiðbeiningarnar fela í sér leiðir til innleiðingar reglna sem eru umfram það sem kveðið er á um í lögum og er ætlað að styrkja innviði fyrirtækisins og traust þess út á við. Allt starfsfólk starfar samkvæmt kjarsamningum og stjórn Skeljungs starfar samkvæmt samþykktum félagsins. Allar stefnur félagsins fara til samþykktar stjórnar eða, eftir atvikum, yfirferðar árlega. Þá leggur stjórn einnig árlega mat á áhættuvilja félagsins og fylgir eftir áhættustýringu með forstjóra félagsins. Stjórn framkvæmir árlega árangursmat á eigin störfum, samsetningu, verklagi og starfsháttum, störfum undirnefnda, frammistöðu forstjóra og annarra daglegra stjórnenda. Þá metur stjórnin þróun félagsins reglulega yfir árið og gætir að því að hún sé í samræmi við áhættuvilja, stefnur og markmið þess.

Frá fyrsta degi var sjálfbærni höfð að leiðarljósi í uppbyggingu Skeljungs og endurspeglar það meðal annars í skipuriti félagsins. Skeljungur setti sér sjálfbærnistefnu fyrir árin 2023-2025 og leggur áherslu á að þróa upplýsingagjöf í sjálfbærni í takt við nýjar

reglugerðir og staðla. Forstjóri félagsins ber ábyrgð á nýrri sjálfbærnistefnu og er virkur þegar kemur að sjálfbærnimálum félagsins. Opinber upplýsingagjöf er varðar sjálfbærni hefur aukist og félagið birt árið 2023 fyrstu sjálfbærnisráðgjafi félagsins fyrir árið 2022.

Félagið mótaði nýja upplýsingatæknistefnu árið 2023 og upplýsingaöryggisstefnu sem byggð er á ISO27001 upplýsingaöryggisstaðlinum. Innleiðing stefnunnar stendur yfir. Félagið hefur haft sjálfbærni að leiðarljósi í sinni stefnumótun og helstu tækifæri félagsins snúa að því að halda áfram að formfesta umgjörð um aðfangakeðju félagsins og innleiða skýrt stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

Áhersla var á eftirfarandi þætti fyrir markmiðasetningu og aðgerðabindingu félagsins í stjórnarháttum árið 2023. [Sjá töflu á næstu síðu »](#)



Aðgerðaáætlun Skeljungs Stjórnarhættir

 UFS áhersla	 Tenging við heimsmarkmið	 Mælikvarði	 Markmið	 Aðgerð	 Staða	 Árangur á milli ára
Skeljungur skal innleiða siðareglur birgja og reglubundið birgjamat		Birgjamat sent út á stærstu innlendu og erlendu birgja	Siðareglur birgja séu til staðar og samþykktar af stjórn	Skilgreina siðareglur og leggja fyrir á stjórnarfundum	Samþykkt af stjórn	✓ Lokið
			Verkferli vegna siðareglna birgja sé til staðar og samþykkt af stjórn	Skilgreina verkferli og leggja fyrir á stjórnarfundum	Samþykkt af stjórn	✓ Lokið
			Birgjamat sent til 70% virkra birgja	Birgjamati skipt upp í tvo fasa, innlenda og erlenda	Birgjamat sent út á fyrstu birgja 04.09.2023 í gegnum birgjamatskerfi Klappa	Verkefnið heldur áfram inn í árið 2024
Skeljungur skal árlega fá óháðan aðila til að framkvæma greiningu og stöðumat á sjálfbærniþáttum félagsins út frá UFS stöðlum		Einkunn í UFS mati Reitunar hækki á milli ára	Greining framkvæmd og úrbótatillögur innleiddar	Gera samning við Reitun	Lokið	Niðurstæða mats fyrir árið 2022: Einkunn B3 - 62 stig af 100 mögulegum.
				UFS mat framkvæmt	Lokið	
				Unnið í úrbótatillögum Reitunar	Lokið	
				Úrbótatillaga Reitunar: Auka eftirlit stjórnar með loftslagstengdri áhættu	Stjórn hefur tekið fyrir loftslagstengda áhættu og hafa bætt við virkri áhættustýringu í áhættuskrá félagsins	✓ Lokið
				Úrbótatillaga Reitunar: Bæta flokkunarhlutfall	Sjá verkefni undir Umhverfismál: Aukum endurvinnsluhlutfall/flokkunarhlutfall þannig að það verði 50%	✓ Lokið
				Úrbótatillaga Reitunar: Viðhalda starfsánægju	Reglubundin mæling á starfsánægju með Moodup kerfi innleidd á árinu	✓ Bæting milli ára úr 7,9 í 8,1
				Úrbótatillaga Reitunar: Jafna kynjahlutföll starfsfólks	Sjá verkefni undir Félagslegir þættir: Bæta skal kynjafjölbreytni starfsfólks með skilgreindri áætlun þar um	✓ 5% aukning á hlutfalli kvenna í starfi þrátt fyrir litla starfsmannaveltu og eru kvk nú 21% á móti 79% kk
Sjálfbæriskýrsla skal gefin út árlega		Lokið/ekki lokið	Skýrsla gefin út fyrir lok mars 2023	Úrbótatillaga Reitunar: Innleiða siðareglur birgja	Sjá verkefni undir Stjórnarhættir: Skeljungur skal innleiða siðareglur birgja og reglubundið birgjamat	✓ Lokið
				Úrbótatillaga Reitunar: Innleiða upplýsingaöryggisstefnu	Upplýsingaöryggisstefna hefur verið samþykkt af stjórn og unnið er í aðgerðabindingu	Verkefnið heldur áfram inn í árið 2024
Sjálfbæriskýrsla skal gefin út árlega		Lokið/ekki lokið	Skýrsla gefin út fyrir lok mars 2023	Samantekt og uppgjör fyrir skýrslu, samþykkt af forstjóra og stjórn	Skýrsla fyrir árið 2022 hefur verið gefin út	✓ Lokið
Félagið skal fá ytri aðila til að sannreyna upplýsingagjöf félagsins um sjálfbærni fyrir árið 2023		Lokið/ekki lokið	Gögn sannreynd	Gera samning við sjálfbærniendurskoðanda – sérfræðing	Ekki náðist að fá skýrslu ársins 2022 sannreynda en það er í skoðun fyrir árið 2023	✗ Ekki lokið

Stjórn Skeljungs

Í stjórn Skeljungs sátu í lok árs 2023 ein kona og tveir karlar. Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason, formaður stjórnar, Magnús Ingi Einarsson, varaformaður stjórnar og Guðrún Nielsen, meðstjórnandi. Stjórnarmeðlimir Skeljungs eru allt starfsfólk Skel fjárfestingarfélags sem er eigandi Skeljungs og eru því háðir. Engar undirnefndir eru starfandi.



Stjórn Skeljungs skipa Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason, formaður, Guðrún Nielsen, meðstjórnandi og Magnús Ingi Einarsson, varaformaður.



Viðskiptasiðferði

Í siðareglum Skeljungu, sem aðgengilegar eru á heimasíðu félagsins, kemur m.a. fram að hjá Skeljungi er lögð áhersla á fagmennsku, heiðarleika og sanngirni í viðskiptum. Ávallt er farið að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum. Siðareglurnar gilda um stjórn og undirnefndir stjórnar, stjórnendur og allt starfsfólk innan samstæðunnar. Siðareglurnar gilda jafnframt fyrir alla ofangreinda aðila í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum Skeljungu (þ.e. þau félög þar sem Skeljungur eða dótturfélög fara með yfirráð yfir meira en 50% eignarhlut).

Félagið liður ekki mútur, spillingu, hagsmunarárekstra né neins konar óviðeigandi fyrirgreiðslu, hvort heldur af hálfu Skeljungu né gagnvart Skeljungi. Þá þiggur starfsfólk ekki gjafir né neins konar aðra fyrirgreiðslu af hálfu annarra sem kann að draga úr trúverðugleika þeirra eða félagsins eða sé til þess fallið að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind við vinnslu mála.

Félagið hefur mótað spillingar og mútumálastefnu þar sem fram kemur að félagið fari ávallt að lögum og reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgi þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Skeljungur hefur innleitt siðareglur birgja og framkvæmir birgjamat og er með ferli sem fer í gang ef upp kemur sú staða að birgir gerist uppvís að spillingu eða mútum.

Skeljungur styður frjálsa samkeppni og heitir því í siðareglum að stunda sanngjarna og siðlega samkeppni í samræmi við gildandi löggjöf. Félagið virðir samkeppnisreglur og samningar eða aðrar aðgerðir sem draga úr samkeppni verða ekki liðnar. Félagið tók við sátt við Samkeppniseftirlitið frá fyrri eiganda.

Skeljungur greiðir ekki fé til stjórnaráflakka, stjórnarástaka eða fulltrúa þeirra. Félagið áskilur sér aftur á móti rétt til þess að láta í ljósi afstöðu til málefna sem hafa bein áhrif á félagið, starfsfólk þess, viðskiptavinum eða hluthafa.

Skeljungur hefur svarað spurningalista endurskoðenda um lágmarksverndarráðstafanir sem er hluti af flokkunarreglugerð Evrópusambandsins. Skeljungur fer eftir settum lögum og reglum er varðar skattalöggjöf landsins. Skeljungur leitast við að haga skattamálum sínum með einföldum og gagnsæjum hætti. Lögð er áhersla á virkt innra eftirlit sem tryggir að ákvarðanir í skattamálum séu lögmætar, vel rökstuddar og rekjanlegar. Skeljungur leitar til ytri ráðgjafa varðandi endurskoðun.

Í almennum skilmálum félagsins koma m.a. fram skilgreiningar á réttindum og skyldum Skeljungu annars vegar og kaupanda vöru eða þjónustu hins vegar. Þar kemur einnig fram að kaupandi geti skilað vöru keyptri af Skeljungi innan 14 daga, valið nýja eða fengið hana endurgreidda að fullu. Við

skil á vöru þurfi hún að vera í upprunalegu ástandi ásamt umbúðum. Skeljungur áskilur sér rétt til að sannreyna að varan sé í lagi, þó innan eðlilegra tíma marka. Skilmálarnir eru aðgengilegir á vefverslun félagsins en hún er eingöngu fyrir viðskiptamenn Skeljungu sem eiga í reikningsviðskiptum við félagið. Eftir að kaupandi hefur móttekið pöntunina ber honum að kanna hvort allar pantaðar vörur hafi verið afhentar, hvort þær séu ógallaðar og að ástand þeirra og eiginleikar séu í samræmi við upplýsingar Skeljungu. Ef kaupandi telur að vara sé gölluð skal hann tilkynna það til Skeljungu. Kaupandi getur skilað vöru keyptri af Skeljungi innan 14 daga, valið nýja eða fengið hana endurgreidda að fullu. Um frest kaupanda til að tilkynna um galla og úrræði hans fer eftir ákvæðum laga um neytendakaup ef notandi er neytandi, en að öðrum kosti samkvæmt lögum um lausafjárkaup. Seljandi áskilur sér rétt til að sannreyna innan eðlilegra tíma marka hvort að varan sé gölluð.

Siðareglur

Spillingar og mútumál

Áskoranir og áhættustýring

Í viðskiptaumhverfi félagsins liggja bæði áskoranir og áhættur en eðli starfseminnar kallar m.a. á forvarnir og virkt eftirlit með öryggis- og gæðamálum. Vaxandi eftirspurn er eftir eldsneyti sem og umhverfissvænni valkostum í orkugjöfum, aukin umsvif eru í ferðaþjónustu og aukin þörf fyrir uppbyggingu innviða á komandi árum er fyrir séð. Þá er alþjóðlegur orkuskortur áskorun fyrir félagið vegna óstöðugleika á olíumörkuðum og truflunar á aðfangakeðju sem skapast gætu vegna óróa á markaði.

Varúðarregla er meginregla sem kveður á um að ef grunur leikur á um að tiltekin framkvæmd eða stefna geti valdið almenningi eða umhverfi tjóni þá skuli skortur á vísindalegri fullvissu um að aðgerðin valdi tjóni ekki koma í veg fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir. Reglan felur í sér viðurkenningu á þeirri félagslegu ábyrgð að verja almenning og umhverfið fyrir hugsanlegum skaða og þeirri áskorun tekur félagið alvarlega.

Stjórn Skeljungs setur áhættustefnu félagsins og ber forstjóri Skeljungs ábyrgð á innleiðingu hennar og áhættustýringu í daglegum rekstri félagsins. Forstjóri svarar einnig fyrir gagnsemi og virkni áhættustýringar gagnvart stjórn.

Framkvæmdastjórn Skeljungs bera ábyrgð á innleiðingu áhættustefnu, greiningu á áhættuþáttum og áhættustýringu á þeim sviðum sem undir þá heyra. Sjálfbærni- og öryggisstjóri hefur það hlutverk að halda utan um áhættumat í áhættuskra félagsins og uppfæra hana í samráði við stjórnendur.

Áhættuskra er lögð til samþykktar stjórnar reglubundið þar sem fram kemur hvernig stjórnendur eru að meðhöndla áhættuþætti til að draga úr líkum á því að þeir raungerist. Markmiðið er að stýra áhættu á skilvirkan hátt og tryggja gagnsæi og meðvitund um áhættustýringu á öllum stigum, allt frá stjórn niður til einstakra starfsmanna.

Áhætta Skeljungs felst í mögulegum atburðum sem aftrað geta félaginu frá því að ná markmiðum sínum og haft áhrif á umhverfi starfseminnar. Áhættustýring félagsins tekur tillit til allra flokka áhættu, s.s. á sviði fjárhags, rekstrar, umhverfis, gæða og loftslags. Áhættuflokkur um loftslagsáhættu var bætt við skrána á árinu 2023. Loftslagsbreytingar gætu meðal annars falið í sér breytingar á eftirspurn þegar viðskiptavinir huga að hreinni og sjálfbærari orkugjöfum.

Í áhættuskra innri og ytri rekstrarþátta Skeljungs fyrir árið 2023 eru skráðir áhættuþættir í eftirfarandi flokkum: hlítaráhætta, ímyndaráhætta, loftslagsáhætta, markaðsáhætta, mótaðilaáhætta, rekstraráhætta, samningsáhætta og starfsmannaáhætta. Áhættuflokkar og áhættuþættir eru skilgreindir og áhættuvilji settur á hvern áhættuþátt. Áhættuvilji félagsins er skilgreindur í eftirfarandi stig; 1. Minnkuð áhætta, 2. Grunnáhætta, 3. Aukin áhætta, 4. Mikil áhætta. Aðgerðir félagsins á sviði áhættustýringar miða að því að skilgreina, meta, mæla og stýra áhættu í starfsemi félagsins í samræmi við áhættuvilja þess og áhættuviðmið, sem stjórn skilgreinir frá einum tíma til annars.





Til viðbótar við eigin rekstraráættu stendur félagið einnig frammi fyrir viðtækari utanaðkomandi áættuþáttum sem áættustýring lítur sérstaklega til og beitir stýringum á. Þetta eru áættuþættir sem snerta m.a. alþjóðaviðskipti, þróun í löggjöf, loftslagsbreytingar og orkuskipti, farsóttir og náttúruhamfarir, haghafa og þróun í tækni.

Þær áættur sem skilgreindar eru í áættuskrá og falla undir umhverfispætti tengjast fyrst og fremst atvikum sem valdið geta umhverfistjóni svo sem; bilun eða tjón á búnaði, eldsvoði í starfsstöð, birgðastöð eða búnaði, flutningsáættu þar sem farmur eða tækjabúnaður skemmist eða veldur skemmdum, hlítingaráættu þar sem fylgni við kröfur vegna geymslu og dreifingar eldsneytis er ekki sinnt sem skyldi, gæði vöru standist ekki kröfur viðskiptavina eða regluverks.

Megináættur sem tengjast félagslegum þáttum eru; að kröfum og stefnum um jafnrétti og mannréttindi sé ekki fylgt, alvarleg slys verði á starfsfólki og vinnuumhverfi starfsfólks sé ófullnægjandi þannig að af hljótist andlegt og/eða líkamlegt tjón.

Skilgreindar megináættur stjórnarháttanna snúa fyrst og fremst að skilgreindum áættuviðmiðum sem sett eru af stjórn félagsins. Meðal áættuþátta í málaflokknum í áættuskrá félagsins eru; brot á fylgni við lög og reglur, eftirfylgni stefnu um spillingar- og mútumál, eftirfylgni siðareglna, eftirfylgni með innri verkferlum, upplýsingaöryggi og áreiðanleiki fjárhagsupplýsinga.

Skeljungur er að auki með virkt gæðakerfi sem inniheldur gæðahandbók, verkferla, skráningu ábendinga og úrvinnslu þeirra. Ef upp kemur atvik á skalanum 1-4 fer í gang ferli innan fyrirtækisins þar sem verkefnið fær rótargreiningu, úrbætur eru gerðar ef á þarf að halda og einnig er aukin fræðsla sett af stað ef þess er þörf. Kerfinu er ætla að tryggja að þau markmið sem sett eru fram í stefnum Skeljungs náist samhliða því að draga úr líkum á atvikum sem gætu haft neikvæð áhrif á Skeljung og haghafa þess.

Siðareglur birgja og birgjamat

Skeljungur hefur skilgreint sérstakar siðareglur fyrir birgja. Stjórn Skeljungs telur mikilvægt að starfsemi og viðskipti félagsins séu stunduð af heilindum og að orðspor hagaðila, sem og okkar, sé í heiðri haft. Stjórn félagsins telur einnig mikilvægt að í gildi séu siðareglur sem eru leiðbeinandi þegar kemur að því að gæta siðferðislegrar og samfélagslegrar ábyrgðar, bæði innan stjórnar, í félaginu og út á við.

Gerð er sú krafa, til þeirra birgja sem Skeljungur á viðskipti við, að þeir starfi eftir þeim, viðeigandi lögum og reglum og vinni að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum í starfsemi sinni, tryggja jöfn tækifæri og vinni að forvörnum gegn hverskonar mismunun, einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Félagið leitast við að eiga ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.

Birgjar þurfa þannig að tryggja að farið sé eftir lögum og reglum er varða vinnuréttindi og tryggja að ekki sé stunduð barnaþrælkun, nauðungarvinna né nokkurs konar mismunun. Skeljungur gerir þær kröfur til sinna birgja að þeir tryggja öryggi og velferð starfsfólks með heilsusamlegu starfsumhverfi. Birgir

skal þekkja umhverfisáhrif starfsemi sinnar, leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum með markvissum hætti og starfa samkvæmt viðeigandi lögum og reglum í umhverfismálum. Birgir skal einnig gæta að hugsanlegum hagsmunaárekstrum, vinna gegn hvers kyns spillingu, þar með talið mútum, kúgun eða fjársvikum. Eðlileg viðskipti og siðferði skulu vera hluti af heilbrigðum viðskiptaháttum birgja. Telji Skeljungur að háttsemi birgja feli í sér brot á siðareglum þessum er ferli samkvæmt verklagsreglum um siðareglur birgja fylgt. Alvarleg brot geta leitt til þess að viðskiptasambandi sé slitið.

Félagið hefur mótað sérstakt birgjamat sem nær til íslenskra og erlendra birgja og sjálfbærnimælikvarðar eru hluti af því birgjamati. Matið var sent út seinni hluta ársins og hefur hluti svaranna borist þegar þetta er ritað. Einnig hefur félagið mótað verklagsreglu um siðareglur birgja með ferlum sem taka á málaflokknum. Verklagsreglan skilgreinir feril ef birgir framfylgir ekki eða brýtur siðareglur félagsins. Hún tekur jafnframt á þeim áætlunum um úrbætur sem kunna að koma upp.

Siðareglur birgja





Persónuvernd og upplýsingaöryggi

Skeljungur hefur sett sér persónuverndarstefnur sem taka til meðferðar félagsins á persónuupplýsingum um viðskiptavini, starfsfólk og starfsumsækjendur. Stefnurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins og á innri vef. Um meðferð persónuupplýsinga gilda lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem leiddi inn í íslenskan rétt almenna persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins nr. 2016/679. Félagið er eftir uppskiptingu að skilgreina innra eftirlitskerfi sem á að tryggja að ávallt verði gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir. Unnið er að yfirferð vinnslusamninga og endurbættu mati á áhrifum persónuverndar vegna vinnslu Skeljungs á viðkvæmum persónuupplýsingum með ytri ráðgjafa.

Skeljungur hefur einnig skilgreint upplýsingatækni-stefnu og upplýsingaöryggisstefnu þar sem upplýsingaöryggi er órjúfanlegur hlekkur í hagkvæmum og öruggum rekstri upplýsingakerfa félagsins. Skeljungur fylgir kröfum ISO/IEC 27001 stjórnunarkerfis í upplýsingaöryggi og stefnir jafnframt að innleiðingu staðalsins. Tilgangurinn með upplýsingaöryggisstefnu er að tryggja hlítinu við lög og reglur sem gilda um starfsemina, aðallega er varða öryggi og rekstur upplýsingakerfa, örugga vinnslu upplýsinga og til þess að styðja við rekstrarsamfellu félagsins.

Upplýsingaöryggisstefna

Umhverfi

Umhverfismálin eru margþætt og athafnir mannsins hafa viðtæk áhrif á umhverfið sem geta leitt til neikvæðra afleiðinga fyrir komandi kynslóðir. Hvernig við nýtum og verndum náttúruauðlindir okkar hefur áhrif á komandi kynslóðir. Loftslagsbreytingar verða til af mannavöldum og geta haft gríðarlegar afleiðingar fyrir umhverfið allt. Bregðast þarf við umhverfis-ógninni með bættri fræðslu og vitundarvakningu á meðal almennings. Fyrirtæki og stofnanir geta haft áhrif til góðs með fræðslu og góðu fordæmi. Tilbúin í breytingar er eitt af kjarnagildum Skeljungs, sem ætlar að taka þátt í þessari vegferð, leitast við að tileinka sér nýjar lausnir og fylgja settum markmiðum í umhverfismálum. Félagið heldur einnig utan um öll vinnu- og mengunaratvik. Félagið leggur ríka áherslu á að ekki komi til slysa og fær starfsfólk bæði fræðslu og þjálfun til að fyrirbyggja þau.

Skeljungur leggur áherslu á að unnið sé markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (CO₂i) í umfangi 1 og 2 í virðiskeðju félagsins. Skeljungur hefur sett sér markmið sem stuðla að samdrætti í óbeinni losun í umfangi 3 í virðiskeðju félagsins með því að auka framboð á umhverfisvænni vörum og ætlar aðstoða viðskiptavinum félagsins með því að birta kolefnisspor seldra vara sem getur leitt til þess að viðskiptavinir hafi kost á að velja sjálfbærari vörur, mæla eigin losun og draga úr sínu kolefnisspori við innkaup. Í sjálfbærnistefnu Skeljungs kemur fram að félagið stefni að bættum árangri á sviði umhverfisverndar og hafi í þeim tilgangi skilgreint sérstaka umhverfisstefnu ásamt því að vinna eftir þeim áherslum sem skilgreindar voru í sjálfbærnistefnu félagsins. Félagið vinnur að því

að draga úr umhverfisáhrifum sem rekstur félagsins kann að hafa í för með sér og vernda og hlúa að umhverfinu, draga úr umhverfisáhrifum og lágmarka áhættu á umhverfisspjöllum af völdum starfseminnar. Til dæmis hóf Skeljungur sölu á umhverfisvænna eldsneyti í apríl 2023 sem hefur hærri hlutfall etanóls (10%) en hefðbundið eldsneyti (5%), félagið hélt áfram að þróa vörur fyrir umhverfisvæna vörulínu sem inniheldur nú Svansvottaðan olíuhreinsi og tjöruhreinsi frá sprotafyrirtækinu Gefn. Áfram er unnið með danska sjóðnum CIP að framleiðslu rafeldsneytis í Orkugarði Austurlands á Reyðarfirði með það að markmiði að stuðla að aukinni verðmæta-sköpun og byggja upp þekkingu á orkuskiptum á svæðinu. Þar að auki vinnur félagið að tilrauna-verkefni um sölu lífildsneytis sem blandað er í hefðbundið skipagas. Þá hefur Skeljungur hafið endursölu rafmagns til fyrirtækja í gegnum viðskiptakort félagsins á rafhleðslustöðvum Orkunnar. Til að draga úr losun ákvað Skeljungur að bjóða starfsfólki samgöngustyrk, kjósi það að ferðast til og frá vinnu á vistvænan máta. Kolefnisspori starfsfólks til og frá vinnu hefur einnig verið bætt inn í kolefnisbókhalð Skeljungs.

Skeljungur leggur mikla áherslu á að uppfylla allar þær kröfur sem settar eru fram í starfsleyfum, lögum og reglum um umhverfismál. Félagið fór í gegnum vottun á ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi á starfsstöðvum sínum í Örfirisey, Vestmannaeyjum, Akureyri, Eskifirði og Ísafirði á árinu. Vottun iCert gildir til næstu þriggja ára. Skeljungur stuðlar að aukinni umhverfisvitund með fræðslu og þátttöku starfsfólks í umbótum, meðal annars með því að


fylgjast með þróun og nýjungum í umhverfismálum og innleiða inn í reksturinn. Umhverfisstefnan hefur verið kynnt fyrir starfsfólki og er aðgengileg á ytri vef félagsins. Stefnan er rýnd árlega og ber forstjóri ábyrgð á framfylgd hennar.

Fylgst er með umhverfisbókhalði í gegnum umhverfisstjórnunarkerfi Klappa og fylgst reglulega með settum umhverfismælikvörðum. Vöruframboð félagsins hefur heilt yfir neikvæð áhrif en félagið hefur sett sér markmið um að auka framboð af umhverfisvænum vörum og ná betur utan um losunarpætti sína í virðiskeðjunni í umfangi 3, auk þess að aðstoða viðskiptavinum við að auka umhverfisvitund.

Árlega fær Skeljungur óháðan aðila, Reitun, til þess að framkvæma faglegt UFS mat til þess að unnt sé að mæla þær framfarir félagsins. Markmiðin eru aðgerðabundin. Lögð er áhersla á að draga úr losun á CO₂i með núverandi aðgerðaáætlun, áhersla er lögð á vöruþróun og sölu á fleiri orkugjöfum eins og lífildsneyti.

Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti fyrir markmiðasetningu og aðgerðabindingu félagsins í umhverfisþáttum árið 2023. [Sjá töflu á næstu síðu »](#)

Umhverfisstefna



Aðgerðaáætlun Skeljungs Umhverfið

UFS áhersla	Tenging við heimsmarkmið	Mælikvarði	Markmið	Aðgerð	Staða	Árangur á milli ára
Unnið sé markvisst í því að draga úr GHIL í umfangi 1 og 2 í virðiskeðju félagsins		Losun á GHIL frá bifreiðum Skeljungs	1% lækkun á GHIL frá bifreiðum	Notkun á Scania Fleet Manager fyrir ADR bílaflota til að fylgjast með kolefnisspori	✓ Kerfið er í notkun	Lækkun á GHIL um 1,76%
				Áframhald á endurnýjun á bílaflota í dreifingu, 3 nýir sparneytnari bílar 2023	✓ Þrír bílar teknir í notkun á árinu	
		Losun á GHIL vegna orkunotkunar	Drögum úr rafmagnsnotkun um 10%	Fylgjumst með rafmagnsnotkun, innleiðum snjallmæla	✓ Snjallmælar innleiddir	Hækkun á rafmagnsnotkun um 0,2%
			Fylgjumst með og lækkum heitavatsnotkun	Fáum yfirlit um rafmagnsnotkun á 3 mánaða fresti Fylgjumst með heitavatsnotkun og förum yfir helstu áhrifaalda	✓ Fylgst er með stöðunni og haldið utan um í Klappa kerfi ✓ Fylgst er með stöðunni og haldið utan um í Klappa kerfi	Lækkun á heitavatsnotkun um 34,3%
Stuðla skal að samdrætti í óbeinni losun GHIL í umfangi 3, í virðiskeðju félagsins með því að auka vöruframboð á umhverfisvænni vörum og með því að aðstoða viðskiptavini félagsins við að meta kolefnisspor seldra vara. Félagið stuðlar þannig að bættri getu viðskiptavina sinna til að mæla, draga úr og/eða kolefnisjafna losun sína.		Losun á GHIL vegna eigin bíla	Leigjum 2 bílaleigubíla tengda rafmagn	Erum með 3 bílaleigubíla - skiptum tveimur út fyrir rafmagn	Búið er að setja upp hleðslustöð en bílar ekki komnir í notkun	Verkefni heldur áfram inn í árið 2024
		Losun á GHIL vegna seldra vara	3% lækkun á GHIL	E10 eldsneyti innleitt í stað 95 oktan	✓ E10 komið á allar stöðvar Orkunnar frá og með apríl 2023	Kolefnisspor í umfangi 3 hjá Skeljungi lækkar um 4.618 tonn í á milli ára
		Losun GHIL vegna samgangna starfsfólks	Mælum kolefnisspor starfsfólks til og frá vinnu og hvetjum til vistvænni samgangna	Bjóðum starfsfólki samgöngusamning	✓ Starfsfólk farið að nýta sér samgöngusamning	Verkefni lokið en mælanlegur árangur mun ekki koma í ljós fyrr en á árinu 2024
		Birting kolefnisfótspors eldsneytiskaupa viðskiptavina	Aðstoða viðskiptavini við að ná utan um kolefnisspor í sínum rekstri	Birta kolefnisspor selds eldsneytis á Minum síðum hjá Skeljungi	✓ Kolefnisspor eldsneytis er nú aðgengilegt inni á Minum síðum hjá Skeljungi	Verkefni lokið
			Innleiða 2 nýjar vörur í vörulínu Vænni	Aukið samstarf við Gefn um framleiðslu á umhverfisvænum vörum	Olíhreinsi bætt við Vænni vörulínu	Verkefnið hálfnað og heldur áfram inn í árið 2024
		Aukið framboð af umhverfisvænni vörum	Endurselja rafmagn í samstarfi við Orkuna	Opna á sölu rafmagns í gegnum viðskiptakort Skeljungs	Viðskiptavinir geta keypt rafmagn í gegnum viðskiptakort Skeljungs á stöðvum Orkunnar	Mælanlegur árangur mun ekki koma í ljós fyrr en á árinu 2024
			Vörubróun rúðuvökva með herra ethanol innihaldi	Íslenskur rúðuvökvi með herra frostpoli	Vörubróun stendur enn yfir	Verkefni heldur áfram árið 2024
		Drögum úr losun GHIL vegna viðskiptaferða	Mælum kolefnisspor viðskiptaferða	Starfsfólk lágmarki flugferðir og noti fjarfundabúnað eins og kostur er	✗ Viðskiptaferðir eru mældar	Markmið um samdrátt náðust ekki vegna aukinna umsvifa viðskiptaferða
				Fáum yfirlit yfir úrgang frá flokkun á 3 mán. fresti	Gögn úr Klappa kerfi rýnd á 3 mán. fresti af sjálfbærniðeymi Skeljungs	Verkefnið heldur áfram árið 2024
		Drögum úr losun GHIL vegna endurvinnslu	Aukum endurvinnsluhlutfall/flokkunarhlutfall þannig að það verði 50%	Fræðum starfsfólk um flokkun	✗ Markmið um fræðslu náðist ekki	Markmið um fræðslu náðist ekki, verkefnið heldur áfram inn í árið 2024
				Finnum tækifæri til að draga úr losun vegna endurvinnslu út frá greiningarvinnu	✓ Samdráttur náðist í losun	Endurvinnsluhlutfall batnaði verulega og er nú 76,8%
Þá losun sem ekki er unnt að forðast í rekstri Skeljungs ætla félagið að jafna með alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum		Alþjóðlega vottaðar kolefniseiningar nýttar	Kolefnisjöfnun umfangs 1 og 2, viðskiptaferðir og úrgangur	Gengið frá kaupum um alþjóðlega vottaðar einingar frá Aspiration	Einingar keyptar	Einingar verða notaðar þegar uppgjör 2023 liggur fyrir

Aðgerðaaðætlun Skeljungs Umhverfið						
 UFS áhersla	 Tenging við heimsmarkmið	 Mælikvarði	 Markmið	 Aðgerð	 Staða	 Árangur á milli ára
Fylgja skal með markvissum hætti skilgreindri öryggis-stefnu og gæðastefnu með það að leiðarljósi að vinna að forvörnum, stöðugum umbótum og tryggja fylgni við lagalegar kröfur og reglugerðir		Viðhalda umhverfis-, öryggis- og gæðavottunum, ISO 9001 og ISO14001	Vottanir verði veittar án frávika	Vinna út frá úttektaráætlun ISO 14001 til að viðhalda vottun og fara í gegnum úttekt með árangursríkum hætti	✓ Vottun lokið	Vottun til 3 ára veitt
		Tryggja að öryggisstefnu sé fylgt	Tryggja að starfsfólk þekki öryggisstefnu	Vinna út frá úttektaráætlun ISO 9001 til að viðhalda vottun og fara í gegnum úttekt með árangursríkum hætti	✓ Vottun lokið	Vottun til 3 ára veitt
				Allt starfsfólk staðfesti lestur á öryggis-stefnu í fræðsluferfi	Í undirbúningi	Verkefnið hálfnað og heldur áfram inn í árið 2024
Auka skal fræðslu fyrir starfsfólk um mikilvægi öryggis- og umverfismála		Öflugri öryggismenning & færri öyggisatvik	Auka aðgengi starfsfólks að heilsu- og vinnuverndarúrræðum	Fá vinnuvernd til að halda kynningu um hvað umhverfis- og öryggismál skipta miklu máli fyrir hvern vinnustað og fyrirmyndarstarfsstöð	✓ Fræðsluerindi haldið	Lokið
			Vinnustofa um öryggis- og umhverfismál	Samningur við Vinnuvernd um heilsu-farsskoðanir, bólusetningar og ráðgjöf um veikindi starfsfólks	✓ Samningur gerður og innleiddur	Lokið
			Áhættumat framkvæmt a.m.k. árlega	Vinnustofa um öryggismál haldin með dreifingardeild	✓ Vinnustofa haldin	Vinnustofa haldin og niðurstöður komnar í úrvinnslu stjórnenda
			Yfirferð viðbragðsáætlana og kynning fyrir starfsfólki	Framkvæma áhættumat starfa árið 2023. Allar viðbragðsáætlanir rýndar. Staðfesta þarf lestur og þekkingu á verklagsreglum.	✓ Áhættumat hefur verið framkvæmt	Lokið
				Yfirferð á viðbragðsáætlun stendur yfir		Verkefnið heldur áfram árið 2024



Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

Flokkunarreglugerð ESB (e. EU Taxonomy) er mikilvægur hluti af sjálfbærnireglugerðum Evrópusambandsins, sem settar voru á fót sem hluti af Green Deal sáttmála sambandsins árið 2019. Reglugerðin tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 en íslenskum fyrirtækjum sem flokkast sem stór fyrirtæki samkvæmt ársreikningalögum ber að greina árlega frá því hversu stórt hlutfall af veltu þeirra, fjárfestingaútgjöldum og rekstrarútgjöldum falla undir flokkunarkerfið og uppfyllir tæknilegu matsviðmið reglugerðarinnar. Atvinnustarfsemi er umhverfissjálfbær í skilningi flokkunarreglugerðarinnar þegar hún samræmist ferns konar viðmiðum.

Í fyrsta lagi þarf hún að styðja verulega við eitt eða fleiri af sex sérstaklega skilgreindum umhverfismarkmiðum:

- Mildun loftslagsbreytinga
- Aðlögun að loftslagsbreytingum
- Sjálfbærri nýtingu og verndun vatns og sjávarauðlinda
- Umbreytingu í hringrásarhagkerfi
- Mengunarvörnum og eftirliti með mengun
- Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa

Í öðru lagi þarf hún að bera í sér verulegt framlag til a.m.k. eins af umhverfismarkmiðunum. Í þriðja lagi er skilyrði um að starfsemin skaði ekki verulega neitt af öðrum markmiðum. Í fjórða lagi að lágmarksverndarráðstafanir (e. minimum safeguards), sem fela í sér að kröfur um ákveðin lágmarksviðmið fyrir félagið í heild í fjórum þáttum; mannréttindum, mútum og spillingu, samkeppnismálum og skattamálum séu uppfylltar.



Gefin hafa verið út tæknileg matsviðmið fyrir 13 atvinnugreinar fyrir tvö af fyrrgreindum umhverfismarkmiðum, mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Skeljungur hefur borið starfsemi sína saman við þau tæknilegu matsviðmið með því að fara í gegnum taxonomy áttavítann (e. EU Taxonomy Navigator) en að vinnunni komu fjármálateymi, innkaupateymi

og sjálfbærniteymi Skeljungs, ásamt ytri ráðgjafa. Leitast var við að finna starfsemi félagsins stað innan hans. Niðurstaðan var sú að starfsemi félagsins fellur ekki undir tæknilegu matsviðmiðin eins og er. Félagið getur því ekki greint frá þeim tekjum og útgjöldum sem falla undir flokkunarkerfið en það verður gert um leið og þróuð hafa verið tæknileg matsviðmið sem félagið fellur undir.

Samkvæmt 18 gr. flokkunarreglugerðarinnar skulu fyrirtæki einnig greina og upplýsa hvort og hvernig starfsemin uppfylli lágmarksverndarráðstafanir flokkunarreglugerðarinnar hvað varðar mannréttindi, spillingu og mútur, skattamál og samkeppnismál. Skeljungur hefur svarað spurningalista um lágmarksverndarráðstafanir og telur sig uppfylla þau viðmið sem þar koma fram. Eftirfarandi er samantekt á hlítni Skeljungs gagnvart lágmarksverndarráðstöfunum samkvæmt flokkunarreglugerð Evrópusambandsins.



Flokkunarreglugerð – lágmarksverndarráðstafanir

	ESB CSRD fyrirtæki teljast ekki uppfylla kröfur til lágmarksverndar-ráðstafana ef eitt af tveimur viðmiðum á við: samkv. EU Taxonomy	Hlítni Skeljungs
Mannréttindi	1. Fyrirtækið hefur ekki komið á fullnægjandi mannréttindakönnunarferli (HRDD) eins og lýst er í leiðbeiningum Sameinuðu þjóðanna (UNGPs) og OECD leiðbeiningum fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (MNEs). 2. Merki eru um að fyrirtækið hafi ekki innleitt mannréttindaáreiðanleikakönnun með fullnægjandi hætti og/eða misnotað mannréttindi. Þetta eru: a. Fyrirtækið hefur reynst brjóta gegn vinnulögum eða mannréttindum. b. Visa OECD eða Business and Human Rights Resource Centre (BHRRC) gefa til kynna að fyrirtækið hafi ekki við hagsmunaaðila.	Stjórnendur eru meðvitaðir um mannréttindi og einsetur Skeljungur sér að mannréttindi séu virt. Skeljungur hefur innleitt jafnréttisstefnu, mannréttindastefnu, mannauðsstefnu og heilsustefnu. Einnig er skilgreind viðbragðsáætlun vegna viðbragða við hverskonar áreiti í eineltisáætlun félagsins. Þá leggur félagið áherslu á að samstarfsaðilar þess deili með því grundvallargildum og leitist við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi og hefur í því skyni innleitt siðareglur birgja og verklag sem tekur á brotum á þeim. Ekki hafa komið upp brot á mannréttindum hjá Skeljungi. Í siðareglum Skeljungs kemur fram hvernig koma má ábendingum um misferli til skoðunar og er ferli til staðar fyrir slíkar upplýðstranir. Hlítni við lög um persónuvernd er tryggð í persónuverndarstefnu starfsmanna og starfsumsækjanda. Skeljungur hefur ekki mótað sérstaka stefnu fyrir starfsfólk í virðiskeðjunni en það er til skoðunar. Skeljungur hefur ekki framkvæmt áreiðanleikakönnun á mannréttindum samkvæmt skilgreiningu OECD. Eftirlit er í höndum stjórnar og stjórnenda félagsins.
Spilling og mútur	1. Fyrirtækið hefur ekkert ferli gegn spillingu í gangi. 2. Fyrirtækið eða æðstu stjórnendur þess, þar með talið æðstu stjórnendur dótturfélaga þess, hefur endanlega verið dæmt fyrir dómstólum fyrir spillingu.	Skeljungur er með stefnu í spillingar- og mútumálum þar sem fram kemur að ávallt skal fara að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Skeljungur tekur hvorki við né greiðir neitt það sem flokkast getur undir mútur. Skeljungur á ekki viðskipti við aðila sem grunur leikur á að stundi peningaþvætti. Öll viðskipti Skeljungs hf. skulu tilgreind í reikningum fyrirtækisins í samræmi við viðurkenndar starfsreglur háð endurskoðun. Skeljungur forðast hagsmunaárekstra á milli eigin fjármála og viðskipta fyrirtækisins. Skeljungur hefur innleitt siðareglur birgja og framkvæmir birgjamat. Skeljungur er með ferli sem fer í gang ef upp kemur sú staða að birgir sé uppvís að spillingu sem og mútum. Skeljungur gerir siðareglur sínar aðgengilegar á ytri vef og heldur utan um framkvæmd í hugbúnaðarkerfi frá Klöppum ehf. Félagið hefur ekki þurft að fara í aðgerðir er varða spillingu og mútur. En búið er að innleiða verklag sem fer í gang ef upp kemur sú staða. Farið er eftir settum lögum og reglum. Fyrirtækið og stjórnendur hafa ekki gerst brotleg við reglur og lög á þessu sviði.
Skattar	1. Fyrirtækið lítur ekki á skattastjórnun og reglufylgni sem mikilvæga þætti eftirlits og engar fullnægjandi áætlanir og ferlar eru til staðar í skattaáhættustýringu. 2. Félagið eða dótturfélög þess hafa endanlega reynst hafa brotið skattalög.	Í siðareglum Skeljungs er varða skattalöggjöf kemur fram að félagið fer eftir settum lögum og reglum. Í starfsemi Skeljungs er farið eftir þeim lögum, reglum og alþjóðlegum leiðbeiningum sem gilda um skattamál félagsins hverju sinni. Skeljungur tekur ekki þátt í starfsemi þar sem grundvallarviðmið um sanngjarna og réttláta skattlagningu eru virt að vettugi. Skeljungur leitast einnig við að haga skattamálum sínum með einföldum og gagnsæjum hætti. Lögð er áhersla á virkt innra eftirlit sem tryggir að ákvarðanir í skattamálum séu lögmætar, vel rökstuddar og rektanlegar. Fengin er ytri ráðgjöf varðandi skattamál frá endurskoðendum Skeljungs. Fjármálastjóri skal sjá til þess að viðeigandi ferlar séu til staðar innan félagsins til að draga úr skattaáhættu eins og kostur er. Skeljungur leitar til ytri ráðgjafa og yfirvalda vegna skattamála eftir þörfum.
Samkeppni	1. Fyrirtækið stuðlar ekki að meðvitund starfsmanna um mikilvægi þess að farið sé að öllum gildandi samkeppnislögum og reglugerðum. 2. Félagið eða æðstu stjórnendur þess, þar á meðal æðstu stjórnendur dótturfélaga þess, hefur endanlega verið dæmt fyrir brot á samkeppnislögum.	Í siðareglum Skeljungs, sem kynnt er starfsfólki, kemur fram að félagið styður frjálsa samkeppni og heitir því að stunda sanngjarna og siðlega samkeppni í samræmi við gildandi löggjöf. Að virða skuli samkeppnisreglur og samskipti. Þá kemur fram að samningar og aðrar aðgerðir sem draga úr samkeppni verða ekki liðin. Af því tilefni hafi einnig verið sett stefna gegn spillingar- og mútumálum. Stjórn Skeljungs setur áhættustefnu félagsins og ber forstjóri Skeljungs ábyrgð á innleiðingu hennar og áhættustýringu í daglegum rekstri félagsins og svarar fyrir gagnsemi og virkni áhættustýringar gagnvart stjórn. Samkeppnismál falla undir áhættustýringarferli félagsins. Hvorki félagið né æðstu stjórnendur þess hafa verið dæmt fyrir brot á samkeppnislögum.

Loftslagsbreytingar, umhverfis- vernd og fjárhagsleg áhrif

Mikilvæg efnisleg loftslagsáhætta hefur verið metin hjá félaginu með því að skima starfsemina og greina hvaða efnislega loftslagsáhætta á við og hefur áhrif á árangurinn til framtíðar. Félagið hefur bætt þeirri áhættu við sem hluta af áhættueftirliti stjórnar. Loftslagsáhætta, og þær breytingar sem þær fela í sér, er ein helsta umhverfisáhætta félagsins. Breytingar á eftirspurn þegar viðskiptavinir fara að huga að hreinni og sjálfbærari orkugjöfum er einn af áhættuþáttunum og er umhverfsvænna vöruframboð svar Skeljungs við því sem aðlögunarlausn. Í starfsemi Skeljungs hefur verið komið í framkvæmd ýmsum aðlögunarlausnum sem byrjað hafa að draga úr loftslagsáhættu og munu hafa mikla þýðingu til framtíðar.

Félagið hefur skilgreint umhverfisþætti í áhættuskrá sinni og þær áhættur sem falla undir loftslagsbreytingar. Líkt og fram kemur í kaflanum hér á undan, og í mikilvægisgreiningu Skeljungs, eru losun gróðurhúsalofttegunda og umhverfisstjórnun og -stefna mikilvæg fyrir umhverfi, samfélag og fjárhag. Það eru því þau viðfangsefni sem Skeljungur þarf að halda áfram að vinna í.

Félagið áformar að halda áfram að þróa vöruframboð sitt í átt að grænni orkugjöfum og bæta við vöruflokkum sem eru betri fyrir umhverfið. Félagið mun fylgja eftir þeirri tækniþróun sem verður í framtíðinni á sviði fyrirtækja í orkufrekri starfsemi. Félagið mun jafnframt halda áfram að aðstoða viðskiptavinina í því að sjá markvissan árangur í sinni losun og aðstoða þá með vöruframboði að draga úr henni, með því að velja nýja valkosti sem eru betri fyrir umhverfið.





Orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda

Skeljungur hefur mælt þá losun sem verður til vegna starfsemi félagsins. Kolefnissporið er flokkað niður í þrjá meginþætti; umfang 1, 2 og 3. Umfang 1 inniheldur beina losun Skeljungs, umfang 2 er óbein losun vegna orkunotkunar og umfang 3 er losun sem á sér stað innan virðis- og aðfangakeðju Skeljungs. Við útreikning á kolefnisspori notast Skeljungur við hugbúnaðalausn Klappa.

Við vinnslu skýrslu ársins 2023 kom í ljós villa í umfangi 1 sem gerði það að verkum að kolefnisfótspor Skeljungs var hærra en gefið hafði verið upp í fyrri skýrslu. Losun Skeljungs í umfangi 1 á árinu 2022 nam 1.092 tonn um koltvísyringsígilda, en ekki 769,3 tonn.

Umfang 1

Árið 2023 var bein losun Skeljungs 1.066 tonn og til samanburðar við fyrra ár var lækkun á beinni losun um 1,8% á milli ára, sem jafngildir 19 tonnum af CO₂i, þrátt fyrir að sala hafi aukist um 5,68%. Þessa lækkun má rekja til þess að Skeljungur fjárfesti í þremur nýjum bifreiðum sem notaðar eru til dreifingar á eldsneyti sem og hvatakerfi bílstjóra í sparneytnum akstri.

Umfang 2

Óbein losun í gegnum raforku- og heitavatnsnotkun árið 2023 voru 4,7 tonn CO₂i til samanburðar við fyrra ár og var það lækkun upp á 24,9% eða 1,6 tonn af CO₂i. Þessa lækkun má rekja til þess að farið var vel yfir allar starfsstöðvar félagsins og alla mæla sem tilheyra þeim. Félagið fækkaði einnig leigueignum um eina eign.

Umfang 3

Stærsti losunarpáttur Skeljungs árið 2023 tilheyrði flokki 11 úr umfangi 3, sem er losun vegna seldrar vöru (eldsneyti) en árið 2022 var tekin ákvörðun um að telja fram óbeina losun vegna seldrar vöru (eldsneyti) í umfangi 3 og var Skeljungur fyrsta fyrirtækið á eldsneytismarkaði sem innifelur þær upplýsingar í kolefnisbókhalði. Umfang 3 hækkaði um 3,4% á milli ára í heild og má rekja það til aukinna umsvifa í starfsemi félagsins, en söluaukning varð í eldsneyti sem nam 5,68% á milli ára. Ef skoðuð er kolefnislosun á hvern seldan og dreifðan eldsneytislítra nam lækkun kolefnislosunar á hvern lítra eldsneytis um 2,3%. Það má helst rekja til þess að um mitt ár hóf Skeljungur sölu á umhverfisvænna bensíni, E10, en kolefnisspor þess er 5,24% lægra en E5 bensíns per líter.

Úrgangur Skeljungs jókst um 135,3% á milli ára en flokkunarhlutfall hækkaði einnig um 32% milli ára þar sem flokkaður úrgangur fór úr 44,5% í 76,8%. Skeljungur hefur á árinu unnið áfram að því að kortleggja enn betur umfang 3 í starfsemi félagsins og hefur eins og áður segir bætt við samgöngum starfsmanna til og frá vinnu.

Klappir uppgjör 2023

Kolefnisspor Skeljungs (t CO ₂ íg)	2022	2023	Munur
Umfang 1			
Bensín	11,6	11,4	-1,9%
Diselolía	1,074.0	1,055.0	-1,8%
Samtals umfang 1	1,085.6	1,066.4	-1,80%

Umfang 2			
Rafmagn og hiti	6.3	4.7	-24,9%
Samtals umfang 2	6.3	4.7	-24.9
Umfang 1 og 2 samtals	1,091.8	1,071.1	-1.90%

Umfang 3			
Viðskiptaferðir	16.3	24.3	48,8%
Samgöngur		27.4	100%
Eldsneytis- og orkutengd starfsemi	184.3	217.3	17,9%
Uppstreymi leigueigna	2.7	1.6	-41,5%
Notkun seldra vara	820,299.0	848,195.0	3,4%
Úrgangur	2.2	5.1	135,3%
Samtals umfang 3	820,504.5	848,470.5	3,4%


Samtals umfang 1, 2 og 3	821,596.3	849,541.7	3,4%
---------------------------------	------------------	------------------	-------------

Kolefnisspor eldsneytis

Skeljungur ætlar að vera traustur félagi í orkuskiptum íslensks atvinnulífs og stjórnendur félagsins telja mikilvægt að vinna í því að ná utan um alla virðis-keðjuna, enda standa nú fyrir dyrum heilmiklar breytingar á því regluverki sem gilda mun um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja í kjölfar innleiðingar nýrrar Evróputilskipunar um upplýsingagjöf í sjálfbærnimálum, CSRD.

Eins og áður segir, steig Skeljungur það skref að birta kolefnisfótspor selds eldsneytis í kolefnisbókhalði félagsins í sjálfbæriskýrslu þess, það er sem hluti af umfangi 3, fyrst félaga á olíumarkaði á Íslandi. Félagið fór yfir og mat alla virðiskeðju sína en þar er óbein losun seldra vara mjög stór þáttur. Hún var síðan sett fram í kolefnisbókhalði félagsins. Í framhaldi af því hefur félagið unnið í því að aðstoða viðskiptavinum við að átta sig á umfangi losunar hjá sér og í því skyni innleitt þá nýjung að birta kolefnisspor eldsneytis á þjónustusiðum viðskiptavina. Viðskiptavinir félagsins geta því í dag séð kolefnisspor þess eldsneytis sem þeir hafa keypt í gegnum félagið á Minum síðum. Með þessari nýju þjónustu leggur Skeljungur áherslu á að hjálpa viðskiptavinum að kortleggja kolefnislosun sína og ná þannig betur utan um eigin virðiskeðju.

Virðiskeðja og losunarbókhald Skeljungs



Mengunarvarnir

Skeljungur hefur einsett sér að vera í fararbroddi fyrirtækja á sviði umhverfismála hér á landi. Félagið tryggir að öllum lagalegum kröfum og reglugerðum er varða umhverfismál sé fylgt og gengur lengra eins og kostur er. Það er mikilvægt að gengið sé vel um umhverfið og ekki fari mengandi efni þangað út. Skeljungur hefur innleitt vinnulag og ferla sem mæta eiga þeim áhyggjum. Umhverfisstjórnunarkerfi Skeljungs er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 14001. Í vottunarferlinu var gerð úttekt á umhverfismálum hjá félaginu sem kom vel út að flestu leyti. Þær ábendingar sem helst komu fram lutu að verkefnum á sviði líffræðilegrar fjölbreytni og að skýrari reglum í umgengni við vatnsverndarsvæði. Skeljungur hyggst því á árinu 2024 setja skýra stefnu í þeim málaflokkum, innleiða verklag og ferla og þjálfa starfsfólk.

Í gæðastefnu Skeljungs kemur fram að öll verkefni og þjónusta sem fyrirtækið annast standist gæðakröfur og væntingar haghafa. Skeljungur vinnur eftir og uppfyllir allar gildandi kröfur ISO 9001 gæðastjórnunarstaðalsins. Lögð er áhersla á að ábyrgð og starfssvið starfsfólks séu rétt skilgreind og uppfyllt og að starfsfólk hafi fengið rétta þjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því eru falin. Miklar kröfur eru um að innra og ytra eftirliti með rekstrinum sé framfylgt.

Í umhverfisstefnu Skeljungs kemur fram að kappkosta skuli við að viðhafa stöðugar umbætur í umhverfismálum með mælingum og eftirfylgni þátta er varða forvarnir gegn mengun.

Mengunaratvik eru atvik sem leitt gætu til mengunarslyss ef ekki er brugðist rétt við. Mengunaratvik á árinu voru sex og öll voru þau metin minniháttar. Öll mengunaratvik eru skráð, greind og úrbætur innleiddar ef svo ber undir, til þess að fyrirbyggja möguleg slys. Verði mengunaratvik ber starfsfólki að vernda lífríki og náttúru og fylgja skilgreindri viðbragðsáætlun vegna óhappa. Áhættustig þessara atvika eru skráð og flokkun áhættustiga miðast við áhættustig 1 sem er lítil áhætta upp í áhættustig 4 sem er mikil áhætta. Alltaf er brugðist strax við öllum atvikum sama hvert áhættustigið er. Atvikið telst mengunarslys ef umtalsverð mengun berst í lífríki í sjó eða á landi. Engin mengunarslys áttu sér stað á árinu.

Öryggisstefna

Gæðastefna



Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Umhverfisstefna Skeljungs tekur á auðlindanotkun félagsins og umgengni við heilsuspillandi úrgang og mengandi efni. Hlítni við lög og reglugerðir, gæðavottun og umhverfsvottun tryggja rétta meðhöndlun. Mörg markmiðanna í umhverfisstefnu félagsins tala beint inn í auðlindanotkun og hringrásarhagkerfið. Hér er aftur á móti verk að vinna til framtíðar hvað varðar umbúðalausr lausnir, nýtingu á efni og orku, hvernig má draga úr losun og auka endurvinnslu á öllum úrgangi og þar með bæta flokkunarhlutfall félagsins. Markmið félagsins um að auka flokkunarhlutfall úrgangs gengu eftir en það var 45% árið 2022 en 76,8% á árinu 2023, sem er mikil bæting eða rúm 30%.

Félagið hefur unnið að ýmsum verkefnum í tengslum við aukna endurvinnslu og bætta auðlindanýtingu. Sem dæmi má nefna að Skeljungur safnar saman úrgangsolíum, í samstarfi við Olíudreifingu, og er þeim komið í viðeigandi farveg. Stærstur hluti úrgangs er olíusori og hlutleysanlegar súrur auk blandaðs úrgangs.

Þá hefur félagið verið í samstarfi við Bambahús, sem er félag sem smíðar gróðurhús úr gömlum bömbum. Í því felst að Skeljungur kemur notuðum bömbum til uppvinnslu hjá Bambahúsum. Að auki endurnýtir Skeljungur bamba í sinni starfsemi eins og kostur er.

Félagið hefur ekki sett sérstaka stefnu um endurvinnslu og hringrás en hyggst á árinu leita bestu lausna í minnkun úrgangs. Ein þeirra lausna er að auka möguleika viðskiptavina á umbúðalausum lausnum. Úrgangurinn skiptist í blandaðan pappír og pappa auk blandaðra plastumbúða. Haldið er utan um árangur flokkunar sem og aðra umhverfistarfsemi í kerfi Klappa.

Eldsneyti Skeljungs er umbúðalaust og sett á tæki og tanka hjá viðskiptavinum félagsins. Skeljungur býður fyrirtækjum upp á umbúðalausan rúðuvökva, smurolíur og Adblue. Allir bambar sem eru undan rúðuvökva eru endurnýttir hjá félaginu. Félagið tekur einnig olíutunnur til baka og kemur þeim í réttan endurvinnslufarveg.

Félagið leitast við að minnka óflokkaðan úrgang og mun á árinu 2024 greina nákvæmlega þann úrgang sem ekki hefur verið flokkaður hjá félaginu.

Skeljungur mun á árinu 2024 greina betur auðlindanotkun í virðiskeðju félagsins og þar með talin áhrif, áhættur og tækifæri sem tengjast hringrásarhagkerfinu.





Mótvægisaðgerðir

Í sjálfbærnistefnu Skeljungs kemur fram sú áhersla að þá losun kolefnis sem ekki er unnt að forðast frá rekstri Skeljungs ætlað félagið að jafna með alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum. Var það gert á árinu 2023 fyrir árið 2022. Félagið fjárfesti í mótvægis- aðgerðum með kaupum á alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum frá Aspiration Partners. Binding vegna keyptra eininga og mótvægis- aðgerða var 787,7 tonn CO₂í eða því sem um nam losun í umfangi 1 og 2, ásamt flokki 5 (úrgangur frá rekstri) og flokki 6 (viðskiptaferðir starfsmanna) í umfangi 3. Félagið mun jafna losun ársins 2023 með kaupum á alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum á árinu 2024 auk þess að bæta við keyptum kolefniseiningum vegna leiðréttingar á losunartölum í umfangi 1 og 2 fyrir árið 2022.

Félagslegir þættir

Skeljungur tekur hlutverk sitt í samfélaginu alvarlega og einsetur sér að hugsa vel um starfsfólk og samfélagið. Skeljungur einsetur sér að tryggja öruggt og heilbriggt starfsumhverfi, ásamt því að stuðla að aukinni velliðan starfsfólks, þar sem velliðan starfsfólks er grunnurinn að góðu félagi sem aftur skilar sér út í samfélagið. Undir lok ársins 2023 voru um 60 manns í starfi hjá Skeljungi, dreift á 55 stöðugildi og dreifist starfsfólk félagsins á sex starfsstöðvar. Félagið er með starfsstöðvar á tveimur stöðum í Reykjavík auk starfsstöðva á Akureyri, Ísafirði, Eskifirði og í Vestmannaeyjum. Höfuðstöðvar og skrifstofur félagsins eru staðsettar í Skútuvogi 1, 104 Reykjavík og er verslun félagsins í sama húsnæði.

Skeljungur einsetur sér að tryggja öruggt og heilbriggt starfsumhverfi, ásamt því að stuðla að aukinni velliðan starfsfólks þar sem jafnrétti er í hávegum haft og mannréttindi virt í hvívetna. Í því skyni hefur Skeljungur innleitt jafnréttisstefnu, mannréttindastefnu, mannauðsstefnu og heilsustefnu. Einnig er skilgreind viðbragðsáætlun vegna viðbragða við hverskonar áreiti í eineltisáætlun félagsins. Þá leggur félagið áherslu á að samstarfsaðilar þess deili með því grundvallargildum og leitist við að tryggja að félagið eigi ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.

Þau kjarnagildi sem Skeljungur leggur áherslu á að starfsfólk hafi að leiðarljósi í daglegum störfum eru jákvæðni, metnaður og að vera tilbúin í breytingar. Lögð er áhersla á að starfsfólk fái tækifæri til þess að þróast í starfi og fái fjölbreytt verkefni. Reglulega eru framkvæmd frammistöðusamtöl til þess að greina og virkja þróun starfsfólks í starfi með markvissum hætti.

Lykilmælikvarðar eru á bak við hverja stefnu félagsins. Ábyrgðaraðili, eða þær nefndir eða aðilar, eru tilgreindir í stefnu félagsins sem ábyrgðaraðilar þ.e. í jafnréttisstefnu, mannréttindastefnu, mannauðsstefnu og heilsustefnu, yfirfara lykilmælikvarðana reglulega og sjá hvort árangur hafi náðst og hvort verið sé að fylgja stefnunum innan fyrirtækisins.

Skeljungur hefur náð góðum árangri á árinu við að viðhalda og uppfæra þær stefnur sem snúa að mannauði. Félagið setti sér markmið á árinu um að starfsánægja starfsfólks yrði að meðaltali 8 (á skalanum 1-10) yfir árið og er hún mæld í reglubundnum vinnustaðakönnunum. Mælingin skilaði 8,1 í einkunn árið 2023 og félagið náði settu markmiði. Niðurstaða mælinga í jafnlaunavottun félagsins hefur verið umfram þau markmið sem fyrirtækið hefur sett sér en niðurstaða mælingarinnar árið

2023 var að launamunur kynja mældist aðeins 0,3%, sem er mikil lækkun á milli ára. Heilsustefnan var kynnt á haustmánuðum 2022 og vel hefur gengið að fylgja henni eftir. Engar tilkynningar voru um einelti, áreiti eða mismunun á árinu og er það í takt við markmið félagsins. Á árinu tókst að auka hlutfall kvenna um 5% í fyrirtækinu. Það er markmiðið að Skeljungur sé slysalaus vinnustaður en því miður urðu tvö vinnuslys á árinu.

Áhersla var á eftirfarandi þætti fyrir markmiðasetningu og aðgerðabindingu félagsins í félagsþáttum árið 2023.

[Sjá töflu á næstu síðu »](#)



Aðgerðaáætlun Skeljungs Félagslegir þættir


 UFS áhersla	 Tenging við heimsmarkmið	 Mælikvarði	 Markmið	 Aðgerð	 Staða	 Árangur á milli ára
Félagið viðhaldið jafnlaunavottun. Launamunur fari ekki yfir víkmörk mælinga.		Jafnlaunvottun, IST85, veitt.	Árangursrík vottun.	Innri úttektir framkvæmdar samkvæmt áætlun.	Vottunarferli lokið og vottun veitt.	✓ Niðurstaða mjög jákvæð og lækkar óútskýrður launamunur út 3,6% í 0,4%.
Bæta skal kynjafjölbreytni starfsfólks með skilgreindri áætlun þar um.		Þróun kynjahlutfalls með áherslu á aukningu á kvk.	Auka hlutfall kvenna.	Bjóða konum úr atvinnulífnum í kynningar hjá Skeljungi. Jafnréttisnefnd tryggja að jafnréttisáætlun sé fylgt. Leggja áherslu á að bæta kynjahlutföll við nýráðningar.	Náðist ekki á árinu. Lokið. Lokið.	✓ 5% aukning á hlutfalli kvenna í starfi hjá Skeljungi þrátt fyrir lægri starfsmannaveltu. Kvk 21% á móti 79% kk. ✓ Starfsánægja jókst, fór úr 7,9 í 8,1.
			Gera vinnustaðinn eftirsóknarverðan með aukinni starfsánægju. Skor 8 og yfir.	Mæla starfsánægju starfsmanna reglulega.	Lokið.	
Skilgreina skal markmið og aðgerðir sem leitast við að fyrirbyggja vinnuslys í starfsemi félagsins.	Á ekki við.	Tilkynningar og frávik.	Slysalaus vinnustaður.	Þjálfun starfsmanna og endurmenntun.	Tvö slys 2023.	✗ Markmið náðist ekki.

Starfsumhverfi

Það er stefna Skeljungs að starfsfólk hafi fyrsta flokks aðbúnað og tækni til þess að leysa starf sitt sem best af hendi og að starfsfólki líði vel á vinnustað. Sveigjanleiki er í boði þegar því verður við komið. Reglulega eru gerðar starfsánægjukannanir til þess að mæla líðan starfsfólks og unnið er markvisst með niðurstöðum þeirra. Notast er við kerfið Moodup en með því er send rafræn könnun um það bil mánaðarlega og hefur svarhlutfall verið á bilinu 75-78%. Mælikvarði einkunnagjafar er frá 1 til 10. Meðaltal mælinga úr könnunum á árinu 2022 var 7,8 og 8,1 árið 2023. Þróunin er því heilt á litið mjög jákvæð og mælist aukin starfsánægja á milli ára. Það er áfram markmið félagsins að viðhalda starfsánægju starfsfólks yfir 8,0.



Starfsánægjukannanir 2023



Velferð starfsfólks og réttindi

Jafnréttisstefna Skeljungs var uppfærð á árinu 2023 og sameinuð mannréttindastefnu. Með nýrri jafnréttis- og mannréttindastefnu leggur Skeljungur áherslu á að jafnréttis og mannréttinda sé gætt í allri ákvarðanatöku, starfsfólk hafi jöfn tækifæri til þess að nýta hæfileika sína og krafta í starfi óháð kyni, aldri, hjúskaparstöðu, kynhneigð, þjóðerni, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, skoðunum, efnahag, ættterni eða stöðu að öðru leyti.

Stefnan tekur til áherslna um samræmingu vinnu og einkalífs en félagið vill tryggja fyrirsjáanlegan vinnutíma og koma til móts við starfsfólk með sveigjanleika þar sem því verður komið við. Í stefnunni kemur jafnframt fram að val á starfsfólki í nefndir skuli vera eins fjölbreytt og kostur er hvað varðar kyn.

Hjá Skeljungu er einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni ekki liðin. Allar ábendingar og kvartanir um slík mál eru rannsökuð til hlitar og starfsfólk er hvatt til að tilkynna það strax ef vart verður við slíkt. Engin ábending hefur verið tilkynnt frá stofnun félagsins í nóvember 2021. Viðbragðs-áætlun er til staðar og aðgengileg öllu starfsfólki. Gerðar eru reglulegar kannanir og fræðsla er með reglubundnum hætti.

Skeljungur einsetur sér að uppfylla kröfur laga og reglna er snúa að mannréttindum, barnþrælkun og nauðungarvinnu. Það kemur fram í stefnunni að félagið leitast við að eiga ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi og framkvæmir meðal annars í því skyni birgjamat.

Mannréttinda- og jafnréttisstefnan er skuldbinding Skeljungs um stöðugar umbætur í viðkomandi málum og nær til allrar starfsemi fyrirtækisins. Jafnréttisstofa samþykkti jafnréttisáætlun Skeljungs sem uppfyllir lög nr. 150/220, þar sem Skeljungur fylgir eftir jafnréttisstefnu félagsins.


Jafnréttisstofa samþykkti nýja jafnréttisáætlun á árinu og gildir hún til næstu þriggja ára. Fjögurra manna jafnréttisnefnd er starfrækt innan Skeljungs en í henni sitja tvær konur og tveir karlar. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir jafnréttisáætlun með því að setja mælanleg markmið og skoða hvort þeim sé fylgt eftir innan fyrirtækisins. Það er hluti af áherslum í sjálfbærnistefnu Skeljungs að félagið viðhaldi jafnlaunavottun og að launamunur kynjanna fari ekki yfir víkmörk mælinga sem eru +/- 4%. Við jafnlaunavottun 2023 lækkaði kynbundinn launamunur á milli karla og kvenna úr 3,5% í 0,3% körlum í hag á milli ára sem er vel undir víkmörkum mælinga. Úttektaraðili hrósaði Skeljungu sérstaklega fyrir hversu vel er staðið að jafnlaunavottun innan fyrirtækisins og unnið eftir verklagsreglum hennar. Í upphafi ársins 2023 var kynjahlutfall Skeljungs í heild 16% konur og 84% karlar en við lok ársins var hlutfallið 21% konur og 79% karlar. Hlutfall kvenna í félaginu jókst því um 5% á árinu sem er í takt við stefnu þess í málaflokknum. Við ráðningu og framgang er hugað að fjölbreyttri samsetningu starfsfólks og auglýst störf eru ókyngreind.

Skeljungur fylgir þeim lögum og reglum sem gilda um vinnumarkaðinn hverju sinni. Allt starfsfólk er aðilar að stéttarfélögum, flestir hjá VR og Eflingu, og fylgja ákvæðum þeirra þegar kemur að réttindum og skyldum. Það starfsfólk sem hefur kosið að standa utan stéttarfélaga semur um kjör sín og hlunnindi við sinn næsta stjórnanda. Þessir einstaklingar njóta engu að síður sömu réttinda og annað starfsfólk þegar kemur að greiðslum í lífeyrissjóði, ávinnslu orlofs, veikindarétti og öðrum kjarasamningsbundnum réttindum. Uppsagnarfrestur starfsfólks fer eftir ákvæðum viðeigandi kjarasamnings og er ólíkur eftir starfs- og lífaldri. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur og eru allar uppsagnir skriflegar eins og reglur kveða á um.

Stuðningur stjórnenda, hvatning og regluleg endurgjöf frá þeim er liður í að móta gott starfsumhverfi, fræðslu og þjálfun ásamt stuðningi starfsfólks sín á milli. Í siðareglum Skeljungs kemur fram að Skeljungur heiti því að virða hvers konar starfstengd réttindi starfsfólks í samræmi við lögboðin réttindi launafólks. Lögð er áhersla á samræmingu einkalífs þar sem því verður við komið og skipulagt vaktafyrirkomulag þarf að liggja fyrir. Allt starfsfólk fyrirtækisins á rétt á fjölskyldutengdum orlofum í gegnum kjarasamninga, svo sem fæðingarorlofi og sumarfrii.

Jafnréttis og mannréttindastefna

Kynjahlutfall í framkvæmdastjórn



Kynjahlutfall milli sviða




Sjálfbærni og stafræn þróun



Forstjóri



Fjármálasvið



Karlar Konur

Starfsfólk í virðiskeðjunni

Siðareglur Skeljungs eru hafðar til hliðsjónar við val á og endurnýjun samninga við verktaka, ráðgjafa, birgja, sérleyfishafa og aðra samstarfsaðila félagsins. Það er á ábyrgð stjórnar og allra yfirmanna Skeljungs að hafa forgöngu um innleiðingu og eftirfylgni með siðareglunum og vera öðrum fyrirmyndir í þeim efnum. Siðareglur Skeljungs gilda jafnframt fyrir alla aðila í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum Skeljungs (þ.e. þau félög þar sem Skeljungur eða dótturfélög fara með yfirráð yfir meira en 50% eignarhlut).

Skeljungur hefur ekki mótað sérstaka stefnu fyrir starfsfólk í virðiskeðjunni. Félagið einsetur sér þó að uppfylla kröfur laga og reglna er snúa að mannréttindum, barnaþrælkun eða nauðungarvinnu og fer að lögum líkt og fram kemur í jafnréttis- og mannréttindastefnu félagsins. Þar kemur jafnframt fram að Skeljungur leitist við að eiga ekki í viðskiptum við aðila sem ekki virða mannréttindi.

Í spillingar- og mótumálastefnu Skeljungs kemur fram að það sé loforð Skeljungs til birgja, samstarfsaðila og viðskiptavina að stunda viðskipti af heiðarleika. Félagið fari að lögum, reglum og almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum og fylgi þeim reglum sem fyrirtækið setur á hverjum tíma. Viðskipta- og siðareglur starfsmanna Skeljungs leggja áherslu á heiðarleika og sanngirni í viðskiptum og þess sama er krafist af þeim sem félagið skiptir við.





Þjálfun og færni

Lögð er áhersla á að starfsfólk þróist og eflist í starfi og sé ekki mismunað á neinn hátt. Reglulega eru framkvæmd frammistöðusamtöl til að greina og virkja þróun starfsfólks í starfi með markvissum hætti. Starfsfólk fær góðan búnað og fyrsta flokks tæki til þess að leysa starf sitt sem best af hendi. Vinnustaðagreiningar eru gerðar reglulega og unnið er úr niðurstöðum þeirra.

Áherslur ársins 2023 voru á fjölbreytta fyrirlestra, þarfragreiningu þjálfunar þar sem rýnt var í starfsmannasamtöl, námskeið hjá birgjum, svo sem eins og þjálfun starfsfólks á flugvöllum, endurmenntun bílstjóra og vinnureglur. Skeljungur innleiddi jafnframt nýtt fræðslukerfi Learncove en þar getur starfsfólk farið í gegnum námskeið, staðfest lestur á stefnum og farið í gegnum mismunandi verkefni eftir deildum. Þegar starfsfólk hefur lesið stefnurnar tekur það próf úr innihaldi þeirra. Innleiðingarferlið er hafið í samstarfi við dreifingu Skeljungs um að setja öll námskeið inn í kerfið, nýliðafræðslu, öryggisfræðslu, fræðslu á búnaði og þekkingu á verklagsreglum með myndböndum.

Einnig var gerður gátlisti fyrir búnað og bifreiðar í lok hvers dags. Útbúin var fræðsludagskrá fyrir árið þar sem mismunandi fyrirlestrar voru í boði fyrir alla og verður sama fyrirkomulagi viðhaft á nýju ári. Með nýju fræðslukerfi stefnir félagið á að ná betur utan um virkni starfsfólks í fræðsluefnum og auka við fræðslu.

Skeljungur stuðlar að aukinni umhverfisvitund með fræðslu og þátttöku starfsfólks í umbótum, meðal annars með því að fylgjast með þróun og nýjungum í umhverfismálum og innleiða inn í reksturinn. Umhverfisstefnan er kynnt fyrir starfsfólki og er aðgengileg á ytri vef félagsins.

Skeljungur vinnur með virkum og skipulögðum hætti að stöðugum umbótum og flæði ferla. Starfsfólk fær rétta þjálfun til þess að sinna sínum verkefnum.

Heilsa og öryggi

Heilsustefna er gildandi hjá Skeljungum þar sem hlúð er að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu. Allt starfsfólk fellur undir heilbrigðis- og öryggis-stjórnunarkerfi Skeljungs. Skeljungur vill vera leiðandi í öryggis- og vinnuverndarmálum og skapa gott vinnuumhverfi sem stuðlar að slysalausum vinnustað þar sem ekkert starfsfólk, verktakar eða aðrir verða fyrir heilsutjóni vegna vinnu sinnar fyrir fyrirtækið.

Skeljungur leggur sig fram við að stuðla að bættri heilsu starfsfólks, andlegri, líkamlegri og félagslegri. Með fjölbreyttum áherslum á vinnustaðnum sem snúa að þessum þáttum er það markmið Skeljungs að skapa vinnustað og vinnuumhverfi sem skilar sér í aukinni starfsánægju starfsfólks og velliðan bæði í starfi og einkalífi.

Skeljungur er í því skyni með samning við fyrirtækið Vinnuvernd sem sinnir velferðarþjónustu félagsins. Vinnuvernd sér um trúnaðarlæknaþjónustu félagsins ásamt þjónustu við bólusetningar, heilsufarsmælingar og aðra þjónustu sem snýr að velferð starfsfólks. Þá er boðið upp á þjónustu trúnaðarlækna félagsins í gegnum Vinnuvernd, sem einnig sér um fjarvistar-skráningar í veikindum. Eftir langtíma veikindi fer starfsfólk í starfsmat áður en það hefur störf.

Starfsfólk Skeljungs hefur, auk fyrrgreinds, kost á því að sækja um styrk í þrjá tíma á ári í hverskonar heilsuefandi þjónustu, til dæmis til þess að sækja sér ráðgjöf eða þjónustu hjá sálfræðingi, sjúkra-þjálfara, markþjálfara eða öðrum er tengist líkamlegri eða andlegri heilsu. Styrkurinn er að hámarki 60.000 kr. á ári og er skilyrði fyrir veitingu hans að starfsmaður hafi unnið í að lágmarki sex mánuði hjá fyrirtækinu.

Öryggis- og gæðamál falla undir svið sjálfbærni og stafrænnar þróunar og vegna eðlis starfseminnar eru öryggi og forvarnir mikilvægur þáttur. Verkferlar voru rýndir á árinu og gerðir enn sýnilegri. Skeljungur er með vottun samkvæmt gæðastaðlinum ISO 9001, sem nýtist m.a. í því að halda utan um frávík í starfseminni sem snúa t.d. að slysum, áreitni, ábendingum eða kvörtunum.

Það er markmið Skeljungs að fyrirbyggja vinnuslys með öllu en því miður urðu tvö vinnuslys á árinu. Bæði slysin áttu sér stað þegar starfsmenn í dreifingu féllu úr olíubifreið. Unnið er að úrbótum sem geta dregið úr líkum þess að slík slys endurtaki sig.

Heilsustefna



Áhrif á samfélag

Skeljungur tekur hlutverk sitt í samfélaginu alvarlega en samfélagslegt mikilvægi félagsins kom berlega í ljós í verkfalli bílstjóra á árinu. Skeljungur tók einnig þátt í vinnu við gerð varnargarða á Reykjanesi með því að hafa eldsneyti til taks fyrir þær vinnuvélar sem þátt tóku í verkefninu. Vinnan var umfangsmikil og dreifing á þessum stöðum kostnaðarsöm en félagið leggur sig fram við að taka fullan þátt í samfélagsverkefnum sem stuðla að öryggi fólks og innviða samfélagsins. Þá hafa komið upp dæmi þess að samfélög og fyrirtæki hafa orðið háð jarðefnaeldsneyti vegna skorts á grænni orku en þá er mikilvægt að Skeljungur geti veitt hraða og áreiðanlega þjónustu á þeim landshluta sem um ræðir.

Með gæðastefnu gættir Skeljungur þess að öll verkefni og þjónusta sem fyrirtækið annast standist gæðakröfur og væntingar hagsmunaaðila. Skeljungur leitast við að tryggja að viðskiptavinir félagsins fái

örugga, góða og skilvirka þjónustu og viðmót sem einkennist af sanngirni, háttvísi og fagmennsku. Starfsmenn bregðast við ábendingum frá viðskiptavinum og leggja áherslu á gæðavitund starfsfólks. Skeljungur starfrækir gæðakerfi og er vottað samkvæmt ISO 9001 gæðastjórnunarstaðli. Komi upp gæðafrávik eða atvik eru þau skráð, rótargreind og úrbætur innleiddar ef þörf er á.

Starfsfólk Skeljungs er meðvitað um umhverfisáhrif þeirra vara sem félagið selur og dreifir og þá áhættu sem fylgir akstri þungaflutningabíla með hættuleg efni. Því er mikil áhersla lögð á öryggismál og áhættustýringu.

Siðareglur Skeljungs eru hafðar til hliðsjónar við val á og endurnýjun samninga við verktaka, ráðgjafa, birgja, sérleyfishafa og aðra samstarfsaðila félagsins. Skeljungur virðir mannréttindi og leggur áherslu á

að eiga góð samskipti við þau samfélög sem starfsemi félagsins nær til og hafa góð áhrif á þau. Fram kemur í siðareglunum að Skeljungur fari ávallt að minnsta kosti að gildandi lögum hverju sinni varðandi umhverfismál og heitir því að hafa sem minnst áhrif á umhverfi sitt. Lögð er mikil áhersla á að sjálfbærni þeirra auðlinda sem félagið byggir starfsemi á sé tryggð til langs tíma.

Í siðareglum Skeljungs kemur fram að virðing sé sýnd og lögð áhersla á hreinskilin samskipti við samstarfsfólk og hagaðila. Samskipti við hagaðila eru dýrmæt og lögð er áhersla á að hlusta á sjónarmið þeirra og skoðanir á stefnu og starfsemi félagsins. Af því tilefni voru settar samskipta-, sjálfbærni- og gæðastefnur.

Skeljungur vill einnig láta gott af sér leiða og styðja við verkefni sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið.

Skeljungur starfrækir í því skyni styrktarnefnd sem fer faglega í gegnum allar þær styrkbeiðnir sem berast félaginu. Yfir 200 beiðnir bárust en tekin var ákvörðun um að styrkja 34 verðug málefni á árinu fyrir 7 milljónir króna. Í flokki samfélagsverkefna fengu meðal annars Fjölsmiðjan, félagslegt úrræði fyrir ungmenni, og foreldrarekni leikskólinn Ós gróðurhús frá Bambahúsum að gjöf frá Skeljungu. Þá voru einnig veittir styrkir til Krabbameinsfélagsins, Landsbjargar og Samtakanna 78. Skeljungur leggur að auki áherslu á að styðja við ýmsa hópa, félagsamtök og íþróttafélög og voru fjölmargir smærri styrkir veittir í þessum flokki styrkja. Í lok árs fékk starfsfólk Skeljungs að velja gott málefni til að styrkja í stað þess að senda út jólakort til viðskiptavina. Ljósíð og Einstök börn hlutu þá samtals eina milljón króna í styrk.



Áreiðanleiki

Sjálfbærniskýrsla þessi tekur til upplýsinga og mælinga frá fjárhagsárinu 2023. Þær upplýsingar sem birtast í skýrslunni koma úr upplýsingakerfum félagsins og endurspegla þá þekkingu sem félagið hafði þegar skýrslan var rituð. Töluleg samantekt um umhverfisupplýsingar er unnin í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Klappir og er streymt beint frá birgjum, en kerfið heldur utan um umfang 1, 2 og 3. Félagslegir þættir og stjórnarhættir eru settir handvirkir inn í kerfið úr kerfum Skeljungs. Upplýsingunum er safnað úr öryggis- og gæðaskráningarkerfi Skeljungs þar sem skráð eru frávík sem eiga sér stað í starfseminni, til dæmis, slys, tjón, einelti, áreiti, ábendingar og kvartanir. Það er hluti af kröfum stjórnunarkerfis félagsins en félagið er vottað í ISO 9001 gæðastjórnunarstaðlinum og ISO 14001 umhverfisstjórnunarstaðlinum.

Kerfi Klappa tryggir rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun og miðlun UFS-þátta. Vinna þeirra er skipulögð í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar sem kveður á um að framsetning upplýsinga um losun gróðurhúsalofttegunda verði að vera lýsandi, nákvæm, heilleg, samræmd og gagnsæ. Einnig hefur vinnunni verið

hagað í samræmi við UNGC, Nasdaq UFS (e. ESG), SDG og GRI. Þar að auki hefur verið horft til væntanlegra Evrópustaðla Draft ESRS E-1 Climate Change og annarra ESRS staðla sem falla undir mikilvægisgreiningu Skeljungs.

Skeljungur gerði á árinu 2022 samning við Reitun um árlega samningsbundna greiningu. Í henni felst að Reitun metur hvernig félagið stendur varðandi þætti er snúa að umhverfis- félags- og stjórnarháttum.

Tengiliður vegna upplýsinga er varða skýrsluna og efni hennar er Jóhanna Helga Viðarsdóttir, framkvæmdastjóri sjálfbærni og stafrænnar þróunar. Ábyrg fyrir áreiðanleika upplýsinga Skeljungs er Ingunn Þóra Jóhannesdóttir, gæða- og sjálfbærnistjóri Skeljungs. Leiðsögn og gæðavottun skýrslunnar var í höndum Evu Magnúsdóttur, ráðgjafa og framkvæmdastjóra hjá Podium ehf.



ESRS yfirlit

Stjórnarhættir		UFS leiðbeiningar Nasdaq	Umfjöllun um Skeljung
ESRS G1	Viðskiptahegðun/hættir		
G1-1	Stefna fyrirtækjamenningar og viðskiptahegðunar	G6.1, G6.2	Stjórnarhættir, stjórnarháttayfirlýsing, siðareglur, stefna í sjálfbærni og gangvirki, viðskiptasiðferði, stjórnarhættir í sjálfbærniuppgjöri.
G1-2	Stjórnun samskipta við birgja		Siðareglur og birgjamat.
G1-3	Forvarnir og uppgötvun spillingar eða mútugreiðslna		Stjórnarhættir, stjórnarháttayfirlýsing, siðareglur, stefna í sjálfbærni og gangvirki, viðskiptasiðferði.
G1-4	Staðfest atvik um spillingu eða mútur		Ekkert atvik.
G1-5	Pólitísk áhrif og hagsmunagæsla		Viðskiptasiðferði.
G1-6	Greiðsluaðferðir		Viðskiptasiðferði.

ESRS yfirlit

Umhverfi		UFS leiðbeiningar Nasdaq	Umfjöllun um Skeljung
ESRS E1	Loftslagsbreytingar		
E1-1	Breytingaáætlun til að draga úr loftslagsbreytingum		Loftslagsbreytingar, umhverfisvernd og fjárhagsleg áhrif, aðgerðaáætlun
E1-2	Stefna sem tengist aðgerðum og viðbrögðum til að draga úr loftslagsbreytingum	E7.1, E7.3, E8, E9	Stefna í sjálfbærni og gangvirki, umhverfi, aðgerðaáætlun, umhverfisuppgjör
E1-3	Aðgerðir og úrræði í tengslum við stefnu í loftslagsbreytingum		Stefna í sjálfbærni og gangvirki, umhverfi, aðgerðaáætlun, umhverfisuppgjör
E1-4	Markmið tengd loftslagsbreytingum og aðlögun	E3.1, E3.2, E4, E5	Stefna í sjálfbærni og gangvirki, umhverfi, aðgerðaáætlun, umhverfisuppgjör
E1-5	Orkunotkun og blanda	E1.1, E1.2, E1.3	Sjálfbærniuppgjör
E1-6	Brúttó umfang 1, 2, 3, og heildarlosun gróðurhúsalofttegunda		Sjálfbærniuppgjör
E1-7	Dregið úr gróðurhúsalofttegundum og verkefni til að draga úr gróðurhúsalofttegundum fjármögnuð með kolefnislánum		Á ekki við
E1-8	Innri kolefnisverðlagning		Á ekki við
E1-9	Hugsanleg fjárhagsleg áhrif af efnislegri líkamlegri áhættu og umbreytingaráhættu og hugsanlegum loftslagstengdum tækifærum	E10	Áhættugreining og fjárhagsleg áhrif, umhverfisuppgjör
ESRS E2	Mengun		
E2-1	Stefnur sem tengjast mengun	E7	Sjálfbærnistefna/umhverfisstefna/aðgerðaáætlun/öryggis- og gæðastefna/umhverfisuppgjör
E2-2	Aðgerðir og auðlindir sem tengjast mengun		Aðgerðir og markmið tengd mengun, gæðastefna
E2-3	Markmið sem tengjast mengun		Aðgerðir og markmið tengd mengun, gæðastefna
E2-4	Mengun sem tengist lofti, vatni og jarðvegi		Aðgerðir og markmið tengd mengun, gæðastefna
E2-5	Áhyggjuefni og veruleg áhyggjuefni		Aðgerðir og markmið tengd mengun, gæðastefna
E2-6	Hugsanleg fjárhagsleg áhrif frá mengunartengdum áhrifum, áhættum og tækifærum		Hefur ekki verið metið

Umhverfi		UFS leiðbeiningar Nasdaq	Umfjöllun um Skeljung
ESRS E3	Vatns- og sjávarauðlindir		
E3-1	Stefnur sem tengjast vatns- og sjávarauðlindum		Ekki til staðar
E3-2	Aðgerðir og auðlindir sem tengjast vatns- og sjávarauðlindum		Ekki til staðar
E3-3	Markmið sem tengjast vatni og sjávarauðlindum		Ekki til staðar
E3-4	Vatnsneysla	E6.1, E6.2	Sjálfbærniuppgjör
E3-5	Hugsanleg fjárhagsleg áhrif frá vatns- og sjávarauðlindum tengdum áhrifum, áhættum og tækifærum.		Hefur ekki verið metið
ESRS E4	Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi		
E4-1	Umskiptaáætlun um líffræðilegan fjölbreytileika og vistkerfi		Hefur ekki verið metið
E4-2	Stefna sem tengist líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum		Hefur ekki verið metið
E4-3	Aðgerðir og auðlindir sem tengjast líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum		Hefur ekki verið metið
E4-4	Markmið sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum		Hefur ekki verið metið
E4-5	Áhrifamælingar sem tengjast breytingum á líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum		Hefur ekki verið metið
E4-6	Hugsanleg fjárhagsleg áhrif frá líffræðilegum fjölbreytileika og vistkerfum tengdum áhrifum, áhættum og tækifærum		Hefur ekki verið metið
ESRS E5	Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi		
E5-1	Stefna sem tengjast auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi		Auðlindanotkun og hringrásarumhverfi
E5-2	Aðgerðir og úrræði sem tengjast auðlindanotkun og hringlaga hagkerfi		Auðlindanotkun og hringrásarumhverfi
E5-3	Aðgerðir og úrræði sem tengjast auðlindanotkun og hringlaga hagkerfi		Auðlindanotkun og hringrásarumhverfi
E5-4	Auðlindaflæði		Auðlindanotkun og hringrásarumhverfi
E5-5	Auðlindaútsreymi		Auðlindanotkun og hringrásarumhverfi
E5-6	Hugsanleg fjárhagsleg áhrif af auðlindanotkun og áhrifum, áhættum og tækifærum sem tengjast hringrásarhagkerfi		Hefur ekki verið metið

ESRS yfirlit

Félagslegir þættir		UFS leiðbeiningar Nasdaq	Umfjöllun um Skeljung
ESRS S1	Eigið vinnuafli		
S1-1	Stefnur sem tengjast eigin vinnuafli (starfsfólki)	S6	Starfsumhverfi, félagslegi þáttur sjálfbærniuppgjörs
S1-2	Ferli til að hafa samskipti við eigin starfsmenn og fulltrúa starfsmanna um áhrif		Starfsumhverfi
S1-3	Ferli til að bæta úr neikvæðum áhrifum og leiðir fyrir eigin starfsmenn til að vekja athygli á málefnum		Velferð starfsfólks og réttindi
S1-4	Að grípa til aðgerða vegna efnislegra áhrifa á eigið vinnuafli og nálganir til að draga úr efnislegri áhættu og sækjast eftir efnislegum tækifærum sem tengjast eigin vinnuafli og skilvirkni þessara aðgerða		Starfsumhverfi
S1-5	Markmið sem tengjast stjórnun á verulegum neikvæðum áhrifum, efla jákvæð áhrif og stjórna verulegum áhættum og tækifærum		Starfsumhverfi
S1-6	Einkenni starfsmanna fyrirtækisins	S3.1, S3.2, S3.3, S5.1, S5.6	Velferð starfsfólks og réttindi
S1-7	Einkenni annarra starfsmanna en eigin starfsmanna félagsins		Hefur ekki verið metið
S1-8	Umfjöllun um kjarasamninga og félagslegar umræður	G4	Velferð starfsfólks og réttindi, félagslegi þáttur sjálfbærniuppgjörs
S1-9	Vísar fyrir fjölbreytni	S4.1, S4.2, S4.3	Velferð starfsfólks og réttindi
S1-10	Viðunandi laun		Velferð starfsfólks og réttindi
S1-11	Félagsleg vernd	S7	Félagsleg vernd
S1-12	Fatlað fólk		Enginn fatlaður starfsmaður vinnur hjá Skeljungi
S1-13	Þjálfun og færniþróunarvísar		Þjálfun og færni
S1-14	Heilsu- og öryggisvísar	S8	Heilsa og öryggi, félagslegi þáttur sjálfbærniuppgjörs
S1-15	Jafnvægisvísar vinnulífs		Heilsa og öryggi
S1-16	Umbun eða laun	S1, S2	Við jafnlaunavottun 2023 lækkaði kynbundinn launamunur á milli karla og kvenna úr 3,5% í 0,3% körlum í hag á milli ára sem er vel undir víkmörkum mælinga
S1-17	Atvik, kvartanir og alvarleg mannréttindaáhrif og atvik		Engar tilkynningar um einelti

Félagslegir þættir		UFS leiðbeiningar Nasdaq	Umfjöllun um Skeljung
ESRS S2	Starfsfólk í virðiskeðjunni		
S2-1	Stefna sem tengist virðiskeðjustarfsfólki		Skeljungur er ekki með sérstaka stefnu fyrir starfsfólk í virðiskeðjunni. Félagið einsetur sér að uppfylla kröfur laga og reglna er snúa að mannréttindum, barnaþrælkun eða nauðungarvinnu og fer að lögum líkt og fram kemur í jafnréttis- og mannréttindastefnu félagsins
S2-2	Ferli til að eiga samskipti við virðiskeðjustarfsfólk vegna áhrifa		Starfsfólk í virðiskeðjunni
S2-3	Ferli til að bæta úr neikvæðum áhrifum og leiðir fyrir starfsfólk virðiskeðju til að lýsa áhyggjum sínum		Síðareglur Skeljungs eru hafðar til hliðsjónar við val á og endurnýjun samninga við verktaka, ráðgjafa, birgja, sérleyfishafa og aðra samstarfsaðila félagsins
S2-4	Að grípa til aðgerða vegna efnislegra áhrifa á starfsfólk virðiskeðju og nálganir til að draga úr efnislegri áhættu og sækjast eftir mikilvægum tækifærum sem tengjast virðiskeðjustarfsfólki og skilvirkni þessara aðgerða		Hefur ekki verið metið
S2-5	Markmið sem tengjast því að stjórna efnislegum neikvæðum áhrifum sem auka jákvæð áhrif á efnislegum áhættum og tækifærum		Hefur ekki verið metið
ESRS S3	Samfélög sem verða fyrir áhrifum		
S3-1	Stefnur sem tengjast samfélögum sem verða fyrir áhrifum		Engin stefna hefur verið mótuð en með stefnum og vottunum leggur Skeljungur áherslu á ábyrgð sína í samfélaginu
S3-2	Ferli til að eiga samskipti við samfélög sem verða fyrir áhrifum um áhrif		Samskiptastefna lýsir jákvæðu viðhorfi félagsins til samskipta við samfélög
S3-3	Aðferðir til að bæta úr neikvæðum áhrifum og leiða fyrir samfélög sem verða fyrir áhrifum til að vekja máls á áhyggjuefnum		Dregið úr neikvæðum áhrifum, umhverfisstefna og fleiri kaflar í umhverfisluta skýrslunnar
S3-4	Að grípa til aðgerða vegna efnislegra áhrifa á samfélög sem verða fyrir áhrifum og nálgunar til að draga úr efnislegri áhættu og sækjast eftir efnislegum tækifærum		
S3-5	Markmið sem tengjast stjórnun á verulegum neikvæðum áhrifum, efla jákvæð áhrif og stjórna verulegum áhættum og tækifærum		Sjá markmið í umhverfisluta aðallega
ESRS S4	Neytendur og endanotendur		
S4-1	Stefna sem tengist neytendum og endanotendum		Skeljungur hefur ekki mótað sérstaka stefnu fyrir samskipti við neytendur og endanotendur
S4-2	Ferli til að hafa samskipti við neytendur og endanotendur um áhrif		Neytendur og viðskiptavinir
S4-3	Ferli til að bæta úr neikvæðum áhrifum og leiðir fyrir neytendur og endanotendur til að vekja máls á áhyggjuefnum		Samskiptastefna er aðgengileg á heimasíðu félagsins
S4-4	Að grípa til aðgerða vegna efnislegra áhrifa á neytendur og endanotendur og nálganir til að draga úr efnislegri áhættu og sækjast eftir efnislegum tækifærum sem tengjast neytendum og endanotendum og skilvirkni þessara aðgerða		Í samskiptastefnu Skeljungs kemur fram að við hvetjum til hreinskiptinna samskipta, innan fyrirtækis og utan og tölum mannamál
S4-5	Markmið sem tengjast stjórnun á verulegum neikvæðum áhrifum, efla jákvæð áhrif og stjórna verulegum áhættum og tækifærum		Sjá umhverfismarkmið, mikilvæga þætti og áskoranir og áhættustýringu

Traustur félagi



Skeljungur